

KJARASAMNINGUR

háseta, matsveina og vélstjóra

milli

Alþýðusambands Vestfjarða

annars vegar og hins vegar

**LANDSSAMBANDS ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA
OG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS**

**Gildir frá 1. janúar 2009 til 1. Janúar 2011
Kauptrygging og launaliðir gilda frá 18. mars 2014**



Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Stofnað

21. september 2002

Opnunartímar skrifstofu:

Á Ísafirði:

Mánudaga – föstudaga frá kl.08.00 – 16.00

Sími 456 5190 – tölvupóstur postur@verkvest.is

Á Patreksfirði:

Mánudaga – föstudaga frá kl. 12.00 – 16.00

Sími 456 2500 - tölvupóstur patro@verkvest.is

Viðtalstími ráðgjafa Virk á Vestfjörðum

Mánudaga – föstudaga frá kl.12.00 – 16.00

Heimasíða: www.verkvest.is

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	3
I. KAFLI.....	9
1.00 ALMENN ÁKVÆÐI.....	9
1.01 Um sölu aflans og verð.....	9
Markmið um fiskverð.....	10
Sala erlendis.....	13
1.02 Skipting verðmæta úr veiðarfærum.....	15
1.03 Skipting hlutar og kauptryggingar.....	15
1.04 Kauptrygging.....	16
1.05 Tímakaup.....	16
1.06 Aukagreiðslur.....	16
1.07 Fatapeningar.....	17
1.08 Kaup vélstjóra.....	17
1.09 Matsveinar.....	18
1.10 Starfsaldursálag.....	19
1.11 Orlof.....	19
1.12 Fæðisgreiðslur.....	19
1.13 Hlífðarfatapeningar þegar ekki fiskast fyrir tryggingu.....	20
1.14 Um frítt eldsneyti og fl.....	21
1.15 Reksturstruflanir.....	21
1.16 Hækkun kaupliða.....	21
1.17 Kauptryggingatímabil og uppgjör.....	22
1.18 Uppihald og ferðir þegar skip eru í viðgerðum.....	23
1.19 Forgangsréttur til vinnu.....	24
1.20 Félagsgjöld.....	24
1.21 Greiðslur í orlofs- og styrktarsjóð og VIRK Endurhæfingarsjóð.....	25
1.22 Trúnaðarmenn skipverja.....	25
1.23 Læknisskoðun.....	26
1.24 Greiðslur iðgjalda til lífeyrissjóðs.....	26

1.25	Slysa- og veikindabætur skipverja.....	26
1.26	Réttur til launa vegna veikinda barna.....	27
1.27	Tryggingar.....	28
1.28	Trygging afla.....	30
1.29	Vinnu við útbúnað skips og veiðarfæra.....	30
1.30	Frítaka á fiskiskipum.....	32
1.31	Vinna og hafnarfrí þegar siglt er með afla.....	32
1.32	Vinna vélstjóra milli veiðitímabila.....	33
1.33	Uppsagnarfrestur.....	33
1.34	Verkfall og verkbann.....	35
1.35	Veiðar í verkfalli.....	35
1.36	Sérsamningar.....	36
1.37	Nýjar veiði- og verkunaraðferðir.....	36
1.37.1	Almennt.....	36
1.37.2	Ný skip.....	36
1.37.3	Ný og eldri skip.....	37
1.38	Meðferð ágreiningsmála og eftirlit með samningum.....	38
1.39	Brot á samningi.....	39
1.40	Kaup á aflaheimildum.....	39
1.41	Vaktmaður í höfn.....	39
1.42	Slysavarnaskóli sjómanna- Endurmenntun.....	39
1.43	Samningsforsendur.....	40
1.44	Gildistími samnings og uppsagnarfrestur.....	40
II.	KAFLI.....	42
2.0	LÍNUVEIÐAR.....	42
2.03	Útilegur:.....	43
2.04	Bátar með beitingavélar.....	43
2.06	Útilegur.....	44
2.07	Skilgreining skiptaverðmætis.....	44
2.08	Línulengd og fleira.....	45
2.09	Greiðslur fyrir einstakar sjóferðir.....	45
2.10	Aukagreiðslur.....	46
2.11	Landformaður.....	46

2.12	Hvíldartími.	46
2.13	Löndunarfrí.	47
2.14	Hafnarfrí.	47
III.	KAFLI.	50
3.0	NETAVEIÐAR.	50
3.01	Skiptakjör þegar veitt er í net.	50
3.03	Útilegur.	50
3.04	Kaup fyrir einstakar sjóferðir.	51
3.05	Hvíldartími.	51
3.06	Löndunarfrí.	51
3.07	Hafnarfrí.	52
IV.	KAFLI.	53
4.0	DRAGNÓTAVEIÐAR.	53
4.01	Skiptakjör á dragnótaveiðum.	53
4.02	Skilgreining skiptaverðmætis.	53
4.03	Helgarfrí.	53
4.04	Hafnarfrí.	54
V.	KAFLI.	55
5	BOTNVÖRPUVEIÐAR.	55
5.0	Bátar og togarar undir 42 metrum.	55
5.01	Skiptakjör á veiðum með botnvörpu.	55
5.01.1	Skuttogarar stærri en 200 brl, styttri en 29 metrar (mesta lengd).	55
5.01.2	Skuttogarar 29 - 42 metrar að lengd (mesta lengd).	55
5.01.3	Bátar og togarar 200 brl. og minni.	56
5.02	Skilgreining skiptaverðmætis.	56
5.03	Aukagreiðslur.	56
5.04	Hvíldartími.	57
5.05	Löndunarfrí.	57
5.06	Hafnarfrí.	57
5.1	Skuttogarar.	59
5.12	Skilgreining skiptaverðmætis.	59
5.13	Aukagreiðslur.	59

5.14	Hvíldartími.	60
5.15	Löndunarfrí.	60
5.16	Hafnarfrí.	60
5.17	Frávik frá hafnarfrí.	62
5.18	Hvíldartími á skuttogurum.	62
5.2	Frystitogarar.	63
5.21	Skiptakjör á frystitogurum, sem vinna aflann um borð.	63
5.22	Skilgreining skiptaverðmætis.	63
5.23	Uppgjör.	63
5.24	Álag á aflahlut.	63
5.25	Hlífðarföt.	64
5.26	Yfirumsjón með fiskvinnsluvélum.	64
5.27	Aðstoð við matsvein.	64
5.28	Aukagreiðslur.	65
5.29	Hvíldartími.	65
5.30	Löndunarfrí.	66
5.31	Hafnarfrí.	66
5.4	Bátar sem frysta aflann um borð.	70
5.41	Skiptakjör.	70
5.42	Skilgreining skiptaverðmætis.	70
5.43	Uppgjör.	70
5.44	Álag á aflahlut.	70
5.45	Hlífðarföt.	71
5.46	Yfirumsjón með fiskvinnsluvélum.	71
5.47	Aukagreiðslur.	71
5.48	Hvíldartími.	71
5.49	Löndunarfrí.	71
5.50	Hafnarfrí.	72
VI.	KAFLI.	74
	RÆKJUVEIÐAR.	74
6.01	Skiptakjör.	74
6.02	Skilgreining skiptaverðmætis.	74

6.03	Aukagreiðslur.....	74
6.04	Hvíldartími.....	75
6.05	Löndunarfrí.....	75
6.06	Hafnarfrí á rækjuveiðiskipum.....	75
6.07	Frávik frá 24 klst. hafnarfrí eftir hverja veiðiferð:	77
6.1	Rækjuveiðar - þegar aflinn er unninn um borð.....	78
6.11	Skiptakjör.....	78
6.12	Skilgreining skiptaverðmætis.....	78
6.13	Aukagreiðslur.....	79
6.14	Uppgjör.....	79
6.15	Hlífðarföt.....	79
6.16	Hvíldartími.....	80
6.17	Löndunarfrí.....	80
6.18	Hafnarfrí.....	80
VII.	KAFLI.....	83
7.00	Humarveiðar.....	83
7.01	Skiptakjör á humarveiðum.....	83
7.02	Skilgreining skiptaverðmætis.....	83
7.03	Aukagreiðslur.....	84
7.04	Hvíldartími.....	84
7.05	Hafnarfrí.....	84
VIII.	KAFLI.....	86
8.00	Skelfiskveiðar.....	86
8.01	Skiptakjör á hörpudiskveiðum.....	86
8.02	Hafnarfrí.....	86
IX.	KAFLI.....	87
9.00	Handfæraveiðar.....	87
9.01	Skiptakjör á handfæraveiðum.....	87
X.	KAFLI.....	88
	Sérákvæði vegna vélstjóra.....	88
1.	Endurmenntun.....	88
	Endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum.....	88

Varasjóður endurmenntunarnefndar.....	89
Kostnaðaráætlun námskeiða.....	89
2. Úrskurðarnefnd.....	89
3. Fyrirtækjapáttur kjarasamnings vélstjóra.....	90
BÓKANIR OG VIÐAUKAR.....	95
1. Bókun um fiskverð.....	95
2. Bókun um olíuverð.....	95
3. Bókun um slysavarnir.....	95
4. Bókun um samræmingu kjarasamninga SSÍ og ASV.....	96
Yfirlýsing.....	96
Bókun um hafnarfrí A á frystiskipum.....	96
Viðauki I – um uppsagnir.....	98
Viðauki II - Viðmiðunarhlut.....	99
Lög um sjómannadag nr. 20/1987.....	101
Úr sjómannalögum nr. 35/1985 um veikindarétt.....	102
Kaupgjaldsskrá 1. júní 2013.....	103
Sjómennt – starfsmenntasjóður.....	105
Einstaklingsstyrkir til náms/námskeiðs.....	105
Upphæð styrks:.....	106
Frístunda/tómstundanámskeið.....	106
Styrkir til kaupa á hjálpartækjum fyrir lestrar-og ritstuðning.....	106

I. KAFLI.

1.00 ALMENN ÁKVÆÐI.

1.01 Um sölu aflans og verð.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans, og skal skipverjum tryggt gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Sama gildir um hrogn, lifur og bein.

Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. 10. gr. laga nr. 24/1986, með síðari breytingum. Til að tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir aflann, þegar hann er seldur innanlands, hafi útgerðarmaður frjálst val milli tveggja eftirtalinna kosta:

- a) Seldur á uppboðsmarkaði, gólf eða fjarskiptamarkaði.
- b) Útgerðarmaður og skipverjar skulu gera sín á milli skriflegan samning um fast fiskverð einstakra tegunda, þar með talin rækja og samningurinn innihaldi jafnframt ákvæði um gildistíma og endurskoðunarákvæði.

Skiptir í því máli engu, hvort um sé að ræða óháðan útgerðaraðila, ellegar útgerð er ráðstafar afla til eigin vinnslu.

Fiskverð sem þannig er ákvarðað skal vera sambærilegt fiskverði skyldra rekstraraðila á félagssvæðinu og nærliggjandi byggðarlögum, enda sé um að ræða sambærilegan fisk að stærð og gæðum.

Markmið um fiskverð.

Miða skal við það markmið á gildistíma samningsins að meðalverð á neðangreindum tegundum í beinum viðskiptum nálgist vegið meðaltal markaðar og beinnar sölu þannig að hlutfall verðs í beinni sölu, af vegnu meðalverði í beinni sölu og vegnu meðalverði á markaði, verði ekki lægra á viðmiðunartímanum en þau hlutföll sem skilgreind eru hér að neðan sbr. einnig fylgiskjöl I – V, er teljast hluti samnings þessa. Gert er ráð fyrir að aðlögun þessi gerist með jöfnum stíganda á samnings-tímabilinu.

Verðlagsstofa skiptaverðs skal setja fram lýsingu á sambandi milli þyngdar á fiski og verðs á hvert kíló. Í þessu sambandi skal Verðlagsstofa setja fram lýsingu á a.m.k. slægðum og óslægðum þorski, slægðri og óslægðri ýsu og karfa.

Skal þetta samband þyngdar og verðs haft til hliðsjónar til að ná þeim samningsmarkmiðum sem lýst er hér á eftir.

Skal vegið meðalverð í beinum viðskiptum á undan gengnum 12 mánaða tímabili, sem hlutfall af vegnu meðalverði í beinum viðskiptum og verði á innlendu fiskmörkuðunum að frádregnum 5% sölukostnaði ekki vera lægra en að neðan greinir fyrir eftirtaldar fisktegundir:

	Slægð/ur	Óslægð/ur
Þorskur:	95,4%	94,4%
Ýsa:	84,0%	86,1%
Karfi:		96,4%

Við útreikning skal nota vægi þess magns, sem annars vegar var selt í beinum viðskiptum og hins vegar á innlendum fiskmörkuðunum á undan gengnu 12 mánaða tímabili.

Aukist hlutfall þess magns sem selt er á innlendum fiskmörkuðum á síðasta 12 mánaða tímabili um meira en 5 prósentustig frá árinu 2000 skal vegið meðalverð í beinum viðskiptum og á fiskmörkuðunum reiknað út frá fastri vog sem er 5 prósentustigum hærrí en hlutfall þess magns sem selt var á innlendu fiskmörkuðunum á árinu 2000.

Minnki hlutfall þess sem selt er á fisk-mörkuðunum á síðasta 12 mánaða tímabili um meira en 3 prósentustig frá árinu 2000 skal vegið meðalverð í beinum viðskiptum og á fiskmörkuðunum reiknað út frá fastri vog sem er 3 prósentustigum lægri en hlutfall þess magns sem selt var á innlendu fiskmörkuðunum á árinu 2000.

Verðlagsstofa skiptaverðs annast alla nánari útreikninga og framsetningu og sker úr hugsanlegum ágreiningi sem upp kann að koma um túlkun á efnisatriðum.

Landssamband íslenska útvegsmanna skal með þátttöku sinni í úrskurðarnefnd skv. lögum nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs o.fl. beita sér fyrir því, ef á þarf að halda, að ofangreind markmið náist.

Rísi ágreiningur vegna verðlagningar, skal málsmeðferð vera samkvæmt grein 1.38 í kjarasamningi þessum.

Verði fiskur keyptur til viðbótar eigin afla skal andvirði hans koma til frádráttar áður en til skipta kemur. Skipverjar komi hinum aðkeypta fiski fyrir í skipinu.

Taki skip er siglt hefur með afla til sölu erlendis, vörur til flutnings frá útlöndum umfram útgerðarvörur til eigin þarfa (salt ekki meðtalið), skulu skipverjum greidd 25% af farmgjöldum, sem fyrir farminn fást og komi það til skipta í sömu hlutföllum og aflaverðmæti.

Að öðru leyti fer eftir lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins sbr. lög nr. 24/1986 með síðari breytingum, en þau hljóða þannig:

Lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

1. grein

Þegar afli fiskiskips er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti, (Sjá töflu bls. 5) sem útgerðin fær fyrir hann. Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af því gasolíuverði í birgðum olúfélaganna, sem olúverðs ákvörðun miðast við hverju sinni.

Frá 30. október 2004 breytist viðmiðun til lækkunar skiptaverðmætishlutfalls skv. 3.málslið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1987 á þann hátt að hlutfallstalan lækki um eitt prósentustig fyrir hverja 16 Bandaríkjadala hækkun á meðalverði gasolíu umfram 178 Bandaríkjadali á tonn fob.

Frá 30. október 2004 breytist viðmiðun til hækkunar skiptaverðmætishlutfalls á þann hátt að hlutfallstalan hækki um eitt prósentustig fyrir hverja 16 Bandaríkjadala lækkun á meðal gasolíuverði niður fyrir 193,99 Bandaríkjadali á tonn fob.

2. grein

Þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn, skal skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta, aflaverðlauna og aukaverðlauna, vera 66% af heildarverðmæti aflans. Þetta hlutfall skal þó vera 70% þegar fiski er landað til bræðslu erlendis.

3. grein

Þegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði skal draga frá heildarverðmæti flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við sölu erlendis annan en umboðslaun. Skiptaverðmæti skal vera 76% af þannig ákveðnu söluverði með þeim breytingum til hækkunar eða lækkunar sem kveðið er á um í 1. grein.

4. grein

Þegar seldur er afli fiskiskips, sem frystir bolfisk um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af fob. verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

Þegar seldur er afli fiskiskips, sem frystir rækju um borð er skiptaverðmætið 71,5% af fob. verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 66% af cif-verðmætinu, sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

Skiptahlutfallið skal hækka og lækka um hálf prósentsstig fyrir hvert eitt prósentsstig, sem skiptahlutfallið breytist til hækkunar eða lækkunar skv. 1. og 2. mgr. 1. gr.

Sala erlendis

Sé afla landað í gáma til sölu erlendis skulu skipverjar sjálfir ganga frá aflanum í gámana, án sérstakrar þóknunar. Skal sá tími sem fer í að ganga frá fiskinum í gámana ekki teljast til samningsbundinna hafnarfría.

Skipverjar og útgerðarmaður geta hins vegar gert með sér samkomulag um að þriðji aðili taki að sér að landa í gáma vegna sérstakra aðstæðna á hverjum stað og skal þá sá kostnaður dregin frá sérstaklega auk umsamins frádráttar, sbr. 3 gr. laga nr. 24/1986.

Landi skipverjar ekki sjálfir skulu þeir tilnefna trúnaðarmann úr sínum hópi, er hafi eftirlit með frágangi á þeim afla, sem landað er í gáma, án sérstakrar greiðslu.

Sé afla landað úr veiðiskipi í annað skip til sölu erlendis, skulu gilda sömu reglur og um sölu á fiski í gámum.

Komi til þess, að samningsaðilar ná ekki samkomulagi um það, hvað teljist vera kostnaður samkvæmt. upptalningu kostnaðarliðar í 3 gr., skal ágreiningnum skotið til nefndar, sem skipuð skal einum fulltrúa frá LÍÚ og einum frá SSÍ og FFSÍ sameiginlega.

Verði nefndarmennirnir ekki sammála, ræður atkvæði fulltrúa sjómanna úrslitum í fyrsta ágreiningsmálinu, atkvæði fulltrúa LÍÚ í því næsta og svo koll af kolli. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur og bindandi fyrir aðila.

Skiptaverð innanlands og á vinnsluskipum skv. olíuverðsviðmiðun:

Innan-lands	Frosinn botnfiskur		Frosin rækja		Heims.markaðsverð á gasolíu \$fob/tonn		
	fob	cif	fob	cif	Lægra en		
80%	77,0%	71,5%	74,0%	68,5%	143,00	143,00	\$
79%	76,5%	71,0%	73,5%	68,0%	143,00	160,99	\$
78%	76,0%	70,5%	73,0%	67,5%	161,00	178,99	\$
77%	75,5%	70,0%	72,5%	67,0%	179,00	196,99	\$
76%	75,0%	69,5%	72,0%	66,5%	197,00	214,99	\$
75%	74,5%	69,0%	71,5%	66,0%	215,00	232,99	\$
74%	74,0%	68,5%	71,0%	65,5%	233,00	250,99	\$
73%	73,5%	68,0%	70,5%	65,0%	251,00	268,99	\$
72%	73,0%	67,5%	70,0%	64,5%	269,00	286,99	\$
71%	72,5%	67,0%	69,5%	64,0%	287,00	304,99	\$
70%	72,0%	66,5%	69,0%	63,5%	305,00	og hærri\$	

1.02 Skipting verðmæta úr veiðarfærum.

Ef skip fær í veiðarfæri, verðmæti annað en fisk, skulu björgunarlaun eða annað andvirði fengsins koma til skipta skv. hlutaskiptareglum.

Skipstjóri fyrir hönd útgerðar og trúnaðarmaður skipverja fyrir þeirra hönd skulu hafa með höndum mat á verðmætum og sölu.

1.03 Skipting hlutar og kauptryggingar.

Aldrei skal skipt í fleiri staði en skipverjar eru í hverri veiðiferð.

Forfallist skráður skipverji, skal kauptrygging hans skiptast milli þeirra manna sem þann róður fara.

Veikist skipverji skal reikna hlut þeirra sem fara veiðiferðina eins og um væri að ræða fækkun, en hlut þess sem vantar skal reikna m.v. mönnun að honum meðtöldum.

1.04 Kauptrygging.

Útgerðarmaður skal tryggja skipverjum lágmarkskaup fyrir hvern mánuð (30 daga) af lögskráningartímanum sem hér segir.

a) Háseti.....	kr. 244.687
b) Netamaður, bátsmaður, matsveinn og landformaður.....	kr. 305.859
c) 1. og 2. vélstjóri.....	kr. 305.859
d) Yfirvélstjóri.....	kr. 360.030

1.05 Tímakaup.

Kaup sjómanna vegna vinnu í þágu útgerðar skal vera:

	dagv.	yfirv.
a) Háseti.....	kr. 1.412	2.542
b) Matsv., netam., bátsm., landform	kr. 1.765	3.177
d) 1.vélstj., 2.vélstj., vélavörður.....	kr. 1.765	3.177
e) Yfirvélstjóri.....	kr. 2.118	3.812

Vinni vélstjórar við vélaviðgerðir, greiðist dagvinnulaun þeirra með 0,6% af kauptryggingu eftir stöðum. Yfirvinna skal greiðast með 80% álagi á dagvinnu.

1.06 Aukagreiðslur.

Almennt:

- Yfirvélstjóri/vélavörður (1. maður í vél) skal hafa 50% umfram háseta.
1. vélstjóri/vélavörður (2. maður í vél) skal hafa 25% umfram hlut háseta.
2. vélstjóri/vélavörður (3. maður í vél) skal hafa 12,5% umfram hlut háseta verði honum gert að vinna eingöngu í vél, en 10% ef hann vinnur á þilfari.
- Bátsmaður skal hafa 20% umfram hlut háseta.
- Netamaður á skuttogara skal fá 12,5% umfram hlut háseta.

- f) Netamaður á skipum yfir 200 rúml. skal fá 25% umfram hlut háseta.
- g) Landformaður á línubát skal hafa 25% umfram hlut háseta.
- h) Matsveinn skal hafa 25% umfram laun háseta
- i) Vaktformenn á útilegubátum með beitingavél 10% umfram hlut háseta.
- j) Yfirumsjón með fiskvinnsluvélum, sjá grein 5.26 og 5.46

1.07 Fatapeningar.

Aðilar eru sammála um að stefnt skuli að fyrirtækjasamningum um að einstakar útgerðir sjái sjómönnum fyrir hlífðarfatnaði sem verði eign útgerðar en í umsjón sjómanna. Þar sem slíkir samningar eru gerðir fellur greiðsla hlífðarfatapeninga niður.

Skipverjar er þessi samningur nær til, skulu fá greiddar kr. 5.843 á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar.

Undantekningar: Sjá grein 5.25 og 6.15.

1.08 Kaup vélstjóra.

Vélstjórar er samningur þessi nær til skulu hafa kr. 8.318 í kaup á mánuði.

Ef I. vélstjóri á bátum, sem veiða með línu vinnur á þilfari skal honum greitt auk hlutar kr. 3.421 á mánuði.

Þegar aðeins tveir vélstjórar vinna í vél á skuttogurum skal yfirvélstjóri hafa að auki kr. 22.725 og 1. vélstjóri kr. 16.530 í kaup á mánuði. Kaup þetta skal greiða auk umsaminnar prósentu af aflaverðmæti án tillits til kauptryggingar.

Kaup þetta skal vera 50% hærra á þeim togurum þar sem svartolía er notuð á aflvélar (yfirvélstjóri kr. 34.306 & 1 vélstj.kr.24.953).

Kaup 2 vélstjóra á skuttogara, sem brennir svartolíu, skal ef hann vinnur í vél vera kr. 13.606. Ef 2. vélstjóri er ekki á skuttogara skal öðrum vélstjórum greitt auk ofangreinds kaups kr. 14.358 á mánuði, enda gangi þeir í störf hans, sem vélstjóra.

Á landróðrabátum, þegar vertíð stendur yfir, skal greiða vélstjórum fyrrgreint tímakaup eftir að þeir hafa unnið eina klst. að viðgerð þá daga sem samningsbundið róðrafrí stendur yfir.

1.09 Matsveinar.

Á skipum þeim sem samningur þessi tekur til og stunda þær veiðar, sem um getur og eru með 6 manna áhöfn og yfir skal vera lögskráður matsveinn. Hann skal hafa 25% umfram laun háseta fyrir störf sín sem matsveinn, enda beri honum að matreiða í höfn, ef skipverjar eru umborð, nema í heimahöfn skipsins.

Séu ekki nema 5 menn á skipi, skal matsveinn vinna á þilfari svo sem störf hans sem matsveins leyfa, og fái hann þá sömu laun og að ofan greinir. Þar sem venja hefur verið, að matsveinn aðstoði á þilfari á netabátum, sem koma að landi daglega, er heimilt að svo sé áfram, enda séu ekki fleiri en 10 menn á skipi.

Matsveini skal á sama hátt og öðrum skipverjum tryggt helgarfrí. Einnig skal hann hafa hafnarfrí þegar afla er landað úr útilegubátum.

Á skuttogurum skal matsveinn undanþeginn móttöku matvæla, þegar skip er í heimahöfn. Matsveini ber að halda hreinum matsal og eldhúsi.

1.10 Starfsaldursálag.

Starfsaldursálag sem reiknast út frá kauptryggingu og greiðist út mánaðarlega, án tillits til hlutaskipta, er sem hér segir.

- a) Eftir 2 ár..... 2%
- b) Eftir 4 ár, þar af síðasta árið hjá sömu útgerð.... 4%
- c) Eftir 5 ár, þar af síðasta árið hjá sömu útgerð.... 7%

1.11 Orlof.

Orlofsfé skal vera 10,17%. Eftir 10 ára starf á sama skipi eða hjá sama vinnuveitanda hækkar orlofsfé í 11,59%. Eftir 15 ára starf á sama skipi eða hjá sama vinnuveitanda hækkar orlofsfé í 13,04%. Að öðru leyti fer um orlof samkvæmt lögum. Útgerðarmaður og skipstjóri skulu sýna fyllstu lipurð varðandi sumarleyfi skipverja.

1.12 Fæðisgreiðslur.

Upphæð greiðslu útgerðarmanns upp í fæðiskostnað skipverja skal miðuð við eftirfarandi þrjá flokka:

- a) Skuttogarar, loðnuskip, síldveiðiskip sem stunda veiðar fjarri heimahöfn, línuskip með beitningarvél, rækjuskip, sem frysta aflann um borð og rækjuskip 100 rúmlestir og stærri, sem ísa aflann um borð og eru í útilegu og gerð eru út utan útgerðarstaðar skipsins. Einnig togbátar 100 rúml og stærri, sem að jafnaði eru 6 daga eða lengur í veiðiferð. Fæðispeningar skulu vera kr. 1.593.
- b) Önnur skip stærri en 100 rúmlestir. Fæðispeningar skulu vera kr. 1.265.
- c) Skip 12 - 100 rúmlestir. Fæðispeningar skulu vera kr. 959.

Með fæðisdögum teljast komu og brottfarardagar. Fæðisdagar teljast vera þeir sömu og lögskráningardagar enda um eðlilegt úthald skips að ræða (eðlilegur löndunarfjöldi miðað við þær veiðar sem það stundar). Frá lögskráningar-dögum verður þó að draga frá daga, sem skip er frá veiðum vegna bilana, fría, annarra en samningsbundna helgar- og hafnarfría og annarra tafa frá veiðum, sem orsakast af öðru en gæftaleysi.

Bili skip utan útgerðarstaðar og skipverjar eru í fæði um borð teljast þeir dagar tilfæðisdaga. Skipuð skal tveggja manna nefnd, einn sameiginlega frá FFSÍ og SSÍ og einn frá LÍÚ, sem hefur það hlutverk að ákvarða fæðispeninga lögskráningarskyldra sjómanna.

Rísi ágreiningur um upphæð fæðispeninganna, skal ágreiningnum skotið til úrskurðar Hagstofu Íslands, sem er bindandi fyrir aðila. Fæðisgreiðslur gilda einnig fyrir hlutaráðna landmenn skv. ofangreindum flokkum.

Fæðispeningar skulu endurskoðaðir árlega þann 1. júní ár hvert á gildistíma samningsins, fyrst þann 1. júní 2005, og taka þá breytingum miðað við matvörulið vísitölu neysluverðs sem birt er af Hagstofu Íslands í maí ár hvert.

1.13 Hlífðarfatapeningar þegar ekki fiskast fyrir tryggingu.

Hásetar er stunda veiðar eftir samningi þessum skulu fá greidda hlífðarfatapeninga er nemi kr. 10.844 á mánuði. Greiðsla þessi fellur niður náí hlutur samanlagðri upphæð kauptryggingar og greiðslu hlífðarfatapeninga.

Nái hlutur kauptryggingu og hluta af hlífðarfatapeningum, skal bæta við þannig að viðkomandi fái alltaf sem svarar til kauptryggingar að viðbættum fatapeningum.

1.14 Um frítt eldsneyti og fl.

Skipverjar hafi frítt eldsneyti til matreiðslu og upphitunar á skipsfjöl og í beitingarskýli, öll áhöld til borðhalds, hreinlætistæki og hreinlætisvörur í eldhús og til hreinlætis í íbúðum. Skipverjar greiða fæði sitt sjálfir. Útgerðin leggur einnig til útvarpsviðtæki eða hátalara í beitingarskýli og hásetaklefa.

1.15 Reksturstruflanir.

Hætti skipið veiðum, og skipverjar afskráðir á vertíðinni en hefji það síðan veiðar aftur á sömu vertíð, þá skal greiða tryggingu fyrir bæði eða öll úthaldstímabilin á sömu vertíð að viðbættri einni viku. Þó skal því aðeins greiðast trygging, að samanlagðir hlutir fyrir bæði eða öll úthaldstímabilin á sömu vertíð verði ekki hærri en tryggingin.

Trygging falli niður fyrir þau tímabil, sem stöðvun verður vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem skipskaða, verkfalls eða verkbanns. Ef um meiriháttar vélabilanir er að ræða eða íshindranir, falli trygging þó ekki niður fyrr en sjö dögum eftir að skipstjóri eða útgerðarmaður hefur tilkynnt skipverjum stöðvunina.

1.16 Hækkun kaupliða.

Þann 1. mars 2015 verður kauptrygging háseta kr. 244.687, kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra, bátsmanns, landformanns og netamanns kr. 305.859 og yfirvélstjóra kr. 367.030.

Aðrir launaliðir en starfsaldurálag og tímakaup hækka um 2,8%. Mánaðarlaun aðstoðarmanns í eldhúsi á frystitogurum verða kr. 277.340. Tímakaup skal miðast við deilistuðulinn 173,33 í kauptryggingu Tímakaup 2. stýrimanns skal vera það sama og hjá skipstjóra og 1. stýrimanni.

1.17 Kauptryggingatímabil og uppgjör.

Frystiskip

Á frystiskipum (bolfisk - rækju) skal hver veiðiferð vera sérstakt kauptryggingatímabil. Á öllum öðrum veiðum skal kauptryggingatímabil vera einn mánuður. Hefji skip veiðar eftir 15. einhvers mánaðar og náí aflahlutur ekki kauptryggingu í þeim mánuði skal sá tími teljast til kauptryggingartímabils næsta mánaðar á eftir.

Landróðrabátar

Á landróðrabátum skal þó hver mánuður og brot úr mánuði teljast sérstakt kauptryggingartímabil.

Utan lögsögu

Ferðir til veiða utan efnahagslögsögu Íslands úr stofnum sem ekki eru íslenskir deilistofnar eru sérstakt kauptryggingartímabil og teljast því ekki til sama kauptryggingartímabils og aðrar veiðar skips.

Tryggingartímabil

Heimilt er að skipta um veiðarfæri innan þessara tryggingatímabila án þess að nýtt tímabil hefjist.

Heimilt er að ráðningartími skipshafnar sé ákveðinn í byrjun vertíðar í samræmi við ofangreind tryggingatímabil.

Uppgjör kauptryggingar

Skipverjar eiga rétt á greiðslu kauptryggingar vikulega eftir, á hefðbundnum útborgunardögum verkafólks. Útgerðarmaður skal hafa lokið launauppgjöri og launagreiðslu til skipverja alltaf fyrir 9. næsta mánaðar.

Á skuttogurum skal hver einstök veiðiferð gerð upp og greidd eigi síðar en 9 dögum eftir að löndun lýkur. Í uppgjöri skal aflamagn og aflaverðmæti greinilega sundurliðað á skiptareikningi hvers skipverja.

Hlutaráðnir

Hlutaráðnir menn, sem vinna við skipið í landi, skulu njóta sömu réttinda, sem lögskráðir menn hafa, svo sem varðandi rétt til sjóveðs o.fl.

Uppgjörsgengi

Uppgjör skal miðað við kaupgengi Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka viðkomandi útgerðar á gjaldeyri á þeim degi sem löndun hefst.

Ef gengi fyrsta löndunardags viku meira en 5% frá meðalgengi þess dags og næstu fjögurra virku daga, eiga áhöfn og útgerð rétt á að miða við meðalgengi þeirra daga allra.

Heimilt er útgerð að miða uppgjör við meðalgengi gjaldeyris á löndunardegi og næstu fjögurra virku daga enda sé það almennur uppgjörsmáti. Breyting á verklagi uppgjors skal tilkynnt með að minnsta kosti tveggja mánaða fyrirvara.

1.18 Upphald og ferðir þegar skip eru í viðgerðum.

Fari viðhalds- eða viðgerðavinna fram utan heimahafnar skipsins skulu skipverjar, aðrir en vélstjórar sem vinna viðhaldsvinnu við skipið, fá greitt pr. dag sem svarar kauptryggingu eins og hún er á hverjum tíma.

Sé skip til viðgerðar utan heimahafnar, innanlands eða erlendis skal þeim skipverjum er bundnir eru skipinu, verða séð fyrir fæði og gistingu, á kostnað útgerðar.

Geti skipverjar ekki búið um borð, s.s. vegna of mikils hávaða, mengunar, óþrifnaðar eða vegna einhverra þeirra aðstæðna sem stofnað gætu öryggi áhafnar í hættu að mati skipstjóra, skal þeim séð fyrir fæði og gistingu í landi, ellegar dagpeningagreiðslu fyrir hvort tveggja samkvæmt launatöflu BSRB, óski skipverjar þess frekar.

1.19 Forgangsréttur til vinnu.

Fullgildir félagsmenn þeirra félaga, er að samningi þessum standa, skulu hverjir um sig hafa forgangsrétt til skiprúms á skipum og bátum þeim, er samningur þessi tekur til og gerðir eru út á félagssvæði viðkomandi félags. Þegar skip breytir um veiðiaðferð skulu þó þeir skipverjar, sem eru á skipinu eiga forgangsrétt að áframhaldandi skiprúmi.

1.20 Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum sjómanna, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi félagi um það, áður en fullnaðaruppgjör fer fram við viðkomandi skipverja.

Verði lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum, felld úr gildi skal grein 1.20 í kjarasamningi aðila taka gildi frá og með sama tíma. Greinin orðast svo:

Útgerðarmönnum er skylt að halda eftir af kaupum sjómanna er hjá þeim starfa fjárhæð sem nemur ógreiddum félags- eða vinnuréttindagjaldi til viðkomandi stéttarfélagi innan ASV.

Ákveði stéttarfélagið að félags- eða vinnuréttindagjaldi skuli vera hlutfall (%) af kaupum eða kauptrygginu viðkomandi sjómanna þá skal stéttarfélagið láta

Útgerðarmanni í té þar til gerð skilagreinareyðublöð til útfyllingar til innheimtu iðgjalda.

Á móti iðgjaldi skipverjans greiðir útgerð 0,24% iðgjald af launum til viðkomandi stéttarfélags innan ASV. Skilyrði fyrir þessum greiðslum er að ársreikningar viðkomandi stéttarfélaganna séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og eintak þeirra og þeirra sjóða sem félagið rekur afhentir LÍÚ eigi síðar en 1. júní ár hvert.

Útgerðarmaður skal standa skil á iðgjöldunum samtímis og greiðslum til annarra sjóða stéttarélagsins, þ.e. um leið og reikningsuppgjör fer fram eftir lok hvers kauptryggingartímabils

1.21 Greiðslur í orlofs- og styrktarsjóð og VIRK Endurhæfingarsjóð

Útvegsmenn skulu greiða í styrktar- og sjúkrasjóði viðkomandi sjómannafélags, sem svara 1% af öllum launum fyrir hvern hlutaráðinn mann, sem samningur þessi tekur til, til þess að standa straum af veikindum og sjúkrakostnaði.

Á sama hátt og af sömu upphæð skulu útvegsmenn greiða 0,25% í orlofssjóð félaganna. Skulu gjöld þessi greidd í lok hvers tryggingartímabils.

Frá 1. janúar 2009 greiðir útgerð 0,13% af öllum launum til VIRK – endurhæfingarsjóðs.

1.22 Trúnaðarmenn skipverja.

- a) Stjórn viðkomandi verkalýðsfélags er heimilt að tilnefna eða láta kjósa trúnaðarmann á hverju skipi. Trúnaðarmaður verður eigi kosinn eða tilnefndur til lengri tíma en tveggja ára í senn.
- b) Trúnaðarmanni skal heimilt að yfirfara gögn, aflaskýrslur og fæðisreikninga, sem uppgjör skipverja varðar. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

- c) Trúnaðarmaður skal bera kvartanir skipverja upp við skipstjóra eða aðra stjórnendur fyrirtækisins, áður en leitað er til annarra aðila.
- d) Trúnaðarmaður skal vegna starfs síns sem trúnaðarmaður í engu gjalda þess hjá skipstjóra eða útgerðaraðila, ef hann ber fram kvartanir fyrir hönd skipverja eða stéttarfélags þeirra. Hann skal verndaður af ákvæðum laga um trúnaðarmenn.

1.23 Læknisskoðun.

Útgerðarmanni er heimilt að láta fara fram læknisskoðun við lögskráningu og skal hún framkvæmd skipverjum að kostnaðarlausu.

1.24 Greiðslur iðgjalda til lífeyrissjóðs.

Iðgjaldsgreiðslur til lífeyrissjóðs skulu vera 12% af heildarlaunum. Skulu útvegsmenn greiða 8% en sjómenn 4%.

Greiða skal iðgjald af orlofsfé.

Þegar skipverji leggur til 2% eða hærra viðbótarframlag af öllum launum í séreignarsjóð greiðir úrgerðarmaður 2% mótframlag af öllum launum .

1.25 Slysa- og veikindabætur skipverja.

Um slysa og veikindi skipverja fer skv. 36. grein sjómannalaga nr. 35/1985.

Liggi skipverji sjúkur í heimahúsi og eigi útgerðin að greiða honum laun samkvæmt. lögum, skal hann jafnframt fá greidda fæðispeninga, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Útgerðarmanni er heimilt á sinn kostnað að láta trúnaðarlækni sinn framkvæma skoðun á skipverja, er fer úr skiprúmi af framangreindum ástæðum.

Tafla: Réttur sjómanna til launa í veikinda og slysatilfellum.

Starfstími	Vinnuslys eða atvinnusjúkdómar:	Veikindi, sjúkdómur annað en atvinnusjúkdómar:
A. Á fyrsta starfsári	Tveir mánuðir á fullum launum +þriggja mánaða fastakaup.	Jafnmarga daga á fullum launum og ráðningartími hefur verið hjá útgerð, þó ekki fleiri en tvo mánuði.
B. Eftir tveggja ára starf.	Tveir mánuðir á fullum launum +þriggja mánaða fastakaup.	A-liður +einn mánuður í fastakaup.
C. Eftir fjögur ára starf	Tveir mánuðir á fullum launum + fimm mánaða fastakaup	A-liður + tveggja mánaða fastakaup.

Sjá einnig: Úr sjómannelögum um veikindarétt á bls. 68

1.26 Réttur til launa vegna veikinda barna.

Eftir fyrsta starfsmánuð er skipverja heimilt að verja allt að 7 dögum á kauptryggingu á hverju 12 mánaða tímabili til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið.

Eftir eins árs starf á sama skipi eða hjá sömu útgerð er skipverja með sama hætti heimilt að verja samtals 10 dögum á kauptryggingu til aðhlynningar börnum sínum undir 13 ára aldri.

Með börnum er einnig átt við fósturbörn og börn sem eru á framfæri viðkomandi skipverja.

Greiðslur skv. framansögðu koma því aðeins til ef viðkomandi skipverji missir sannanlega af launum vegna nauðsynlegrar umönnunar barna sinna.

1.27 Tryggingar.

a) Slysaftryggingar

Útgerðin skal tryggja hvern þann mann sem samningur þessi nær til og slasast um borð í skipi eða í vinnu í beinum tengslum við rekstur skips í samræmi við ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1985.

Bætur úr vaftryggingu þessari skulu ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum leiði það til hærri heildarbóta en samkvæmt 172. gr. laga nr. 34/1985.

Bætur úr vaftryggingu þessari dragast frá skaðabótum frá útgerð.

Skaðabætur frá bótaskyldum þriðja aðila eða samkvæmt ábyrgðartryggingu koma til frádráttar bótum samkvæmt vaftryggingu þessari.

Um vaftryggingu þessa skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrir slysaftryggingu sjómanna.

Bætur má lækka eða fella niður ef tjónþoli hefur valdið slysi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Eigi tjónþoli rétt til bóta úr lögboðinn ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eigenda, skerðast bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.

Kostnaðarhlutdeild hinna tryggðu skal vera kr. 3.882 á mánuði og hlutfallslega fyrir brot úr mánuði. Þessi fjárhæð taki sömu breytingum og kauptrygging tekur á hverjum tíma. Kostnaðarhlutdeildin skal vera óháð stöðu hins tryggða um borð.

Trygging þessi skerðir ekki rétt skipverja til greiðslu úr lífeyrissjóði sjómanna.

b) Bætur vegna andláts skipverja

Veikist skipverji um borð meðan skip hans er á siglingu og leiði veikindin hann til dauða innan tveggja mánaða skal útgerðarmaður greiða kr. **3.817.937** til eftirlifandi maka eða eftirlifandi barna innan 18 ára aldurs. Með maka er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt. reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.

Láti skipverjinn ekki eftir sig maka eða börn skv. framansögðu skal greiða til dánarbús hins látna helming dánarbóta samkvæmt. fyrri málsgrein.

Útgerðamaður skal í þessu skyni kaupa tryggingar, er breytist ársfjórðungslega í sama mæli og vátryggingafjárhæðir skv. 172. gr. siglingalaga.

Tryggingafjárhæðin lækkar þó um 4% fyrir hvert aldursár eftir að hinn tryggði nær fimmtíu ára aldri og fellur niður eftir að hann nær sjötíu ára aldri.

Um trygginguna gilda eftir því sem við á að öðru leyti skilmálar líftryggingafélaganna fyrir hóplíftryggingar.

Útvegsmenn skuldbinda sig samkvæmt samningi þessum til að taka ábyrgðartryggingu samkvæmt hinum almennu skilmálum um ábyrgðartryggingu.

Missi skipverji föt sín eða aðrar eigur, er hann hefur með sér á skipinu, við eldsvoða, sjóskaða o.þ.u.l., greiðir útgerðin honum skaðabætur skv. gildandi reglugerð.

1.28 Trygging aflá.

Útgerðarmaður tryggir aflann fyrir hæfilegri upphæð á sinn kostnað. Komi til vátryggingabætur fyrir spjöll á aflanum skiptast vátryggingabætur á sama hátt og andvirði aflans.

1.29 Vinnu við útbúnað skips og veiðarfæra.

I. Á bátum:

Hlutaráðnir menn, sem vinna við útbúnað skips eða veiðarfæra í byrjun vertíðar eða að vertíð lokinni skulu fá þá vinnu greidda samkvæmt. grein 1.05. Fari vinna þessi fram utan heimahafnar skipsins, greiðir útgerðin auk þess uppihald og ferðir skipverja.

Útgerðarmaður skilar alltaf öllum veiðarfærum fullbúnum að eða í veiðarfærahús bátsins, grandrópar og fótreiði, höfuðlínur og fiskilínur tilbúið til notkunar, en skipverjar taki við þeim og komi þeim fyrir í skipinu. Kúla og steina net, skipta um uppstillingu á þilfari og slá undir botnvörpu, án sérstakrar greiðslu, enda sé það gert um leið og veiðar byrja. Sama gildir um að skila veiðarfærum í vertíðarlok, þar með talið að stokka upp línu, enda sé það gert strax og vertíð lýkur. Ennfremur að taka í land í vertíðarlok uppstillingu og áhöld á þilfari og þvo lest.

Útgerðarmaður afhendir netasteina hankaða í byrjun vertíðar og jafnmörg net og leyfð eru á hvern bát samkvæmt reglugerð, en skipverjar haldi við hönkum á steinum meðan vertíð stendur, jafnframt hanki þeir steina, sem bæta þarf við til viðhalds.

Sé frágangi á veiðarfærum og báti í lok tryggingatímabils ekki lokið fyrir kl. 24:00 þann dag sem vertíð lýkur, skal skipverjum greitt kaup fyrir þá vinnu, sem unnin er eftir þann tíma skv. tímakaupstaxta samnings þessa.

II. Á skuttogurum:

Þegar skipverji er kvaddur til skips skal miðað við, að skip sé ferðbúið og sjóklárt, á þeim tíma þegar skipverjar koma um borð þ.e. þilfar hreint, matvælum og veiðarfærum komið fyrir í skipinu í viðkomandi geymslum. Öll stykki í trollið skulu koma um borð bolsuð og tilsniðin til ísetningar. Belgir og pokar samanleystir með hlíf og kolllínnumöskvum. Höfuðlínur og fiskilínur skulu koma splæstar og vafðar. Fótreiði, grandrópar og

belgsnörur skulu koma splæstar um borð. Séu teknir nýir vírar skulu þeir koma merktir og skulu skipverjar koma þeim fyrir á tromlunum, án þess að hafnarfrí skerðist við það. Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar, klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar, ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

III. Undirbúningur slippferða.

Ef áhöfn vinnur við veiðarfæri eða frágang skips áður en það fer í slipp skal greitt fyrir þá vinnu samkvæmt tímakaupstaxta samnings þessa.

1.30 Frítaka á fiskiskipum.

Hafi skipverji í hyggju að taka frí frá störfum, skal hann bera fram ósk sína þar að lútandi við skipstjóra, áður en skipið kemur til hafnar í lok veiðiferðar. Að öðru leyti vísast til sjómannalaga nr. 35/1985.

Sérákvæði um uppsjávarveiðar:

Ákvæði um jólafrí á kolmunnaveiðum þar sem aflinn er ekki unninn um borð verða eins og á loðnu- og síldveiðum. Ákvæði um frí á föstudaginn langa og páskadag á uppsjávarveiðum fellur niður.

1.31 Vinna og hafnarfrí þegar siglt er með afla.

Þegar skip siglir með afla til sölu erlendis, er skipverjum ekki skylt að annast uppstillingu í lest þar, en skipverji skal leiðbeina við það verk.

Skipverjar eru eigi skyldir að annast þvott lestar eða lestarborða, en annast skulu þeir móttöku nauðsynja fyrir skipið.

Í erlendri höfn sé varðmaður úr landi í skipinu fyrsta sólarhringinn, sem skipið liggur þar. Sé skipið lengur en einn sólarhring í erlendri höfn, skulu skipverjar annast vaktir.

1.32 Vinna vélstjóra milli veiðitímabila.

Vélstjórum skal greidd kauptrygging á milli veiðitímabila og sé þá miðað við 8 klst. vinnudag fyrir þau störf sem falla undir starfsvið þeirra, enda séu þeir ráðnir til áframhaldandi starfa á skipinu og viðkomandi vélstjóri óski vinnunnar.

Verði sjótjón eða vélabilun meðan á vertíð stendur og vinni vélstjórar við skipið, skal greiða þeim kaup samkvæmt tímakaupstaxta samnings þessa.

Fari viðhalds- eða viðgerðarvinna fram utan heimahafnar skipsins, skulu þeir vélstjórar sem vinna við skipið fá greitt kaup sem hér segir:

Yfirvélstjóri; kr. 7.837 per. dag.

1. og 2. vélstjóri; kr. 6.530 per. dag.

Greiðsla per. dag miðast við að vélstjóri skili 8 klst. vinnudegi en yfirvinna skal greidd samkvæmt tímakaupstaxta samnings þessa. Yfirvinna skal þó aldrei greidd fyrr en við slíptöku og ljúka er heimsigling hefst. Greiðsla per. dag greiðist frá því að slíppferð hefst og þar til henni lýkur og án tillits til annarra launa svo sem aflahlutar eða kauptryggingar. Fari skip til viðgerðar að lokinni sölu á fiski greiðist slíppfararkaup þetta frá þeim tíma er sölu lýkur þar til heimsigling hefst.

Útgerðin skal endurgreiða vélstjórum sannanlegan útlagðan bíla- og símakostnað í þágu skipsins.

1.33 Uppsagnarfrestur.

Sé eigi á annan veg samið skal uppsagnarfrestur á skiprúmsamningum undirmanna vera 7 dagar, en 3 mánuðir hjá yfirmönnum.

Hafi undirmaður starfað á sama skipi eða hjá sömu útgerð samfelld í 3 mánuði skal uppsagnarfresturinn vera einn mánuður en eftir a.m.k. 2

ára samfelld starf er uppsagnarfrestur 2 mánuðir og 3 mánuðir eftir 4 ára samfelld starf.

Hafi yfirmaður starfað hjá sömu útgerð samfelld í 3 ár er uppsagnarfrestur 4 mánuðir, en 5 mánuðir eftir 5 ára samfelld starf og 6 mánuðir eftir 10 ára samfelld starf.

Uppsagnarfresturinn skal vera gagnkvæmur.

Um laun í uppsagnarfresti skal fara eftir ákvæðum laga og kjarasamnings.

Tafla: Kjarasamningsbundinn uppsagnarfrestur

Undirmenn	Upphaf	3 mán starf	2 ára starf	4 ára starf
Uppsagnar- frestur	<i>7 dagar</i>	<i>1 mánuður</i>	<i>2 mánuðir</i>	<i>3 mánuðir</i>
Yfirmenn	Upphaf	3 mán starf	5 ára starf	10 ára starf
Uppsagnar- frestur	<i>3 mánuðir</i>	<i>4 mánuðir</i>	<i>5 mánuðir</i>	<i>6 mánuðir</i>

Ef skipi er ekki haldið til veiða á uppsagnarfresti eða afhent nýjum eiganda fyrir lok uppsagnarfrests, skal greiða skipverja laun eftir ákvæðum laga og kjarasamnings þessa, þó þannig að eftir að einn mánuður er liðinn af uppsagnarfresti undirmanna og þrjú mánuðir af uppsagnarfresti yfirmanna skal greidd kauptrygging. Sama gildir ef vinnuframlags er ekki krafist.

Ef skipverja er tilkynnt síðar en við uppsögn að vinnuframlags sé ekki krafist út uppsagnarfrestinn og skip er áfram í rekstri sömu útgerðar skal skipverji eiga rétt á staðgengislaunum í allt að 3 mánuði frá því að tilkynning berst honum og stýttist þá réttur hans til kauptryggingar samsvarandi. Sömu ákvæði gilda um undirmenn að teknu tilliti til lengdar uppsagnarfrests. (Sjá dæmi í viðauka nr.1)

Ef skipi er ekki haldið til veiða af útgerð skal skipverji eiga rétt til þess að losna úr skiprúmi, enda falli þá réttur til launa niður.

Brotthlaup skipverja

Fari skipverji fyrirvaralaust úr starfi áður en uppsagnarfrestur er liðinn án lögmætrar ástæðu á útgerðarmaður rétt á bótum úr hendi skipverja er nemi launum fyrir hálfan uppsagnarfrestinn, þó aldrei lægri upphæð en sem nemur kauptryggingu á uppsagnarfrestinum.

1.34 Verkfall og verkban.

Verði verkfall eða verkban hjá einhverju félagi innan A.S.Í., skal þeim, er samningur þessi tekur til, óheimilt að vinna þau störf, sem aðrir hafa lagt niður vegna verkfallsins eða verkbannsins.

Óheimilt er meðlimum hlutaðeigandi félaga að afgreiða vörur eða hvers konar varning til þess staðar, þar sem verkfall eða verkban er.

1.35 Veiðar í verkfalli.

Komi til verkfalls sjómanna er þessi samningur tekur til skulu þau skip er verkfallið nær til hætta veiðum strax og verkfallið tekur gildi. Er skipverjum þá ekki heimilt að framkvæma aðra vinnu í þágu útgerðar en að sigla skipinu til hafnar, landa úr skipinu, sbr. ákvæði samnings um löndun afla, og undirbúa skipið að öðru leyti undir hafnarlegu.

Þó skal heimilt ef útgerð kýs, að landa aflanum í annarri höfn þ.m.t. erlendri höfn, og skulu skipverjar þá sigla skipinu í heimahöfn strax að löndun lokinni. Þetta ákvæði miðast við að vinnustöðvun sé boðuð með 21 dags fyrirvara.

1.36 Sérsmningar.

Sérsmningar útgerðarmanna við einstaka skipverja eða skipshafnir, sem fara í bága við smning þennan eru ógildir, enda hafi viðkomandi félag ekki samþykkt þá. Heimilt skal hverju félagi, þrátt fyrir smning þennan að semja um ýmis sérákvæði, sem samkomulag gæti orðið um.

1.37 Nýjar veiði- og verkunaraðferðir.

1.37.1 Almenn.

Komi fram nýjar veiði- og verkunaraðferðir eða að um verði að ræða breytingar á gildandi veiði- og verkunaraðferðum er horfa til verksparnaðar og hagræðingar, þá skulu smningsaðilar gera um það sérstakan smning, þ.á.m. um mannfjölda og skiptaprósentu, án uppsagnar á þessum smningi.

1.37.2 Ný skip.

Í sjö ár eftir að skip er fyrst tekið í notkun, skal skiptaprósenta vera 10% lægri en smningsákvæði veiðigreina kveða á um, enda tryggi útgerð að aflahlutir séu á heilu ári yfir meðaltali í þeim skipaflokki sem um ræðir.

Við mat á því hvort aflahlutur sé á heilu ári yfir meðaltali í þeim skipaflokki sem um ræðir skal leggja til grundvallar meðalafhlut á úthaldsdag skipa í viðkomandi skipaflokki að undanskildum 25% þeirra þ.e. skipa sem lægstan aflahlut hafa. Nái aflahlutur ekki viðmiðunarhlut, skv. framansögðu, skal greiða uppbætur allt að 11,1% á aflahlut á skipinu miðað við stöðu viðkomandi skipverja eða þar til viðmiðunarhlut í viðkomandi skipaflokki er náð.

Stundi skip veiðar með fleiri en einu veiðarfæri á sama ári skal reikna aflahlut á úthaldsdag í hverri veiðigrein og skipaflokki. (Sjá viðauka II bls. 65-7 með dæmum.) Tekið skal tillit til þess ef skip verður frá veiðum vegna óviðráðanlegra orsaka.

Trygging útgerðar á lágmarksaflahlut tekur ekki til einstakra veiðiferða nema hlutfallslega miðað við þá uppbót sem greidd yrði á tekjur almanaksársins. Uppbótin reiknast m.v. fjölda úthaldsdaga á árinu. Trygging þessi tekur ekki til fyrsta mánaðar í rekstri skipsins. Ofangreind regla skal gilda um skip sem skráð eru í fyrsta sinn á íslenska skipaskrá eftir 1. janúar 2004.

Uppgjör samkvæmt greinum 1.37.2. og 1.37.3. skal fara fram eigi síðar en 1. mars næsta ár. Útgerðir skulu veita upplýsingar um meðalafhlut á úthaldsdag skipa í viðkomandi skipaflokki eins fjótt og verða má. Upplýsingar um hvert skip eru trúnaðarmál.

1.37.3 Ný og eldri skip.

Heimilt er samningsaðilum að semja um að lækka skiptaprósenta á skipum tímabundið eða ótímabundið eða gera breytingar á öðrum atriðum kjarasamnings þessa, hvort sem um er að ræða skip sem skráð eru í fyrsta sinn á íslenska skipaskrá fyrir eða eftir 1.1.2004.

Við gerð slíks samnings geta aðilar m.a. horft til eftirfarandi atriða:

1. Afkastagetu skips, tækja, búnaðar og vélarafis.

2. Möguleika á frekari vinnslu eða bættri meðhöndlun afla um borð sem gefur kost á auknum tekjum.
3. Að útgerð tryggji ásættanlegt lágmarks aflaverðmæti eða tekjur.
4. Annarra atriða sem metin eru fullnægjandi, þ.m.t. betri aðbúnaðar áhafnar.

Heimilt er að breyta skiptaprósentu oftár en einu sinni gefist tilefni til þess, t.d. ef um endurbætur á skipi er að ræða.

Skip telst hafa verið tekið í notkun skv. greinum 1.37.2 og 1.37.3 þegar það hóf veiðar í fyrsta sinn hvort sem það var héraðs eða erlendis.

Uppgjör samkvæmt greinum 1.37.2. og 1.37.3. skal fara fram eigi síðar en 1. mars næsta ár. Útgerðir skulu veita upplýsingar um meðalafhlut á úthaldsdag skipa í viðkomandi skipaflokki eins fjótt og verða má. Upplýsingar um hvert skip eru trúnaðarmál.

1.38 Meðferð ágreiningsmála og eftirlit með samningum.

Rísi ágreiningur milli samningsaðila, skal sá aðili, er telur sig órétti beittan, bera fram kvörtun við stjórn hins aðilans. Skulu þær rannsaka ágreiningsatriðin og ráða þeim til lykta, ef unnt er.

Hafi stjórnir beggja aðila eigi komið sér saman um endanlega lausn ágreiningsins innan tveggja sólarhringa frá því kvörtunin var sett fram, ber þegar að skjóta málinu til sáttanefndar, er sé þannig skipuð, að hvor aðili tilnefni tvo menn og tvo til vara. Skulu þessir menn þá reyna að jafna deiluatríðin. Skal nefndin hafa lokið störfum innan tveggja sólarhringa.

1.39 Brot á samningi.

Brot gegn samningi þessum varðar sektum allt að kr. 537.833 er rennur í félagssjóð viðkomandi félags. Sektarupphæðin skal síðan hækka í hlutfalli við kaupgjaldsákvæði samningsins.

1.40 Kaup á aflaheimildum.

Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað, vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum, frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað.

Þetta hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín í milli með aflaheimildir, né samninga áhafna og einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð.

1.41 Vaktmaður í höfn.

Á togurum, frystiskipum og öllum stærri fiskiskipum, skal vaktmaður vera um borð meðan skipið er í höfn. Kaup hans greiðist af útgerð.

1.42 Slysavarnaskóli sjómanna- Endurmenntun.

Skipverjum skal í samráði við útgerðina gefinn kostur á að sækja námskeið Slysavarnaskólans Sæbjörgu í fyrirbyggjandi öryggisfræðslu. Þann tíma sem skipverji sækir námskeið skal útgerðarmaður greiða honum kauptryggingu, en uppihald og ferðakostnað eftir nánara samkomulagi.

Námskeiðsgjaldið greiðir viðkomandi útgerð.

1.43 Samningsforsendur.

Geri nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði breytingar á þeim samningi vegna breyttra samningsforsendna eru samningsaðilar sammála um að gera samsvarandi breytingar á kauptryggingu og launaliðum samningsins. Komist nefndin ekki að samkomulagi skulu aðilar endurskoða launalið samningsins.

1.44 Gildistími samnings og uppsagnarfrestur.

Með þeim breytingum sem hér eru gerðar á samningnum framlengist hann til 1. janúar 2011 og rennur þá úr gildi án uppsagnar.

Þann 14. júní 2011 gerðu LÍÚ og SA og ASV eftirfarandi samning:

Um hækkun á kauptryggingu og kaupliðum kjarasamninga

Kauptrygging og kaupliðir hækki um 4,25% frá og með 1. júní 2011. Þannig verður 1. júní 2011 kauptrygging háseta kr. 222.734, kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavarðar, bátsmanns og netamanns kr. 278.419 og yfirvélstjóra kr. 334.101.

Þann 23. janúar 2012 gerðu LÍÚ og SA og ASV eftirfarandi samning:

Um hækkun á kauptryggingu og kaupliðum kjarasamninga

Kauptrygging og kaupliðir hækki um 3,5% frá og með 1. febrúar 2012. Þannig verður 1. febrúar 2012 kauptrygging háseta kr. 230.530,-

kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavarðar, bátsmanns og netamanns kr. 288.163.- og yfirvélstjóra kr. 345.795.-

Þann 6. febrúar 2013 gerðu LÍÚ og SA og ASV eftirfarandi samning:

Um hækkun á kauptryggingu og kaupliðum kjarasamninga

Kauptrygging og kaupliðir hækki um 3,25% frá og með 1. febrúar 2013. Þannig verður 1. febrúar 2013 kauptrygging háseta kr. 238.022,- kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavarðar, bátsmanns og netamanns kr. 297.529.- og yfirvélstjóra kr. 357.032.-

Þann 18. mars 2014 gerðu LÍÚ og SA og ASV eftirfarandi samning:

Um hækkun á kauptryggingu og kaupliðum kjarasamninga

Kauptrygging og kaupliðir hækki um 2,8% frá og með 1. mars 2014. Þannig verður 1. mars 2014 kauptrygging háseta kr. 244.687,- kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavarðar, bátsmanns og netamanns kr. 305.860.- og yfirvélstjóra kr. 367.029.-

II. KAFLI

2.0 LÍNUVEIÐAR

2.01 Skiptakjör þegar veitt er með línu. Bátar með hefðbundna beitingu.

2.02 Landróðrar.

Á landróðrabátum sem stunda veiðar með línu, fá skipverjar í sinn hlut eftirtalinn hundraðshluta af skiptaverðmæti:

Á skipum að 21 rúml.,	39,0%miðað við 8 menn
Á skipum 21 - 30 rúml.,	33,0%miðað við 9 menn
Á skipum 31 - 50 rúml.,	30,5%miðað við 10 menn
Á skipum 51 - 110 rúml.,	29,5%miðað við 11 menn
Á skipum 111- 200 rúml.,	29,2%miðað við 12 menn
Á skipum 201- 240 rúml.,	28,5%miðað við 12 menn
Á skipum 241- 500 rúml.,	27,5%miðað við 12 menn

Á skipum 31 - 500 rúml. er reiknað með að 5 menn séu í landi.

Vanti skipverja í róður, skal hans hlutur skiptast jafnt milli þeirra manna sem þann róður fara. Sama gildir ef landmann vantar, þá skal hans hlutur skiptast jafnt milli landmanna, enda vinni þeir störf hans.

Hlutaráðnir menn sem vinna við skipið í landi skulu njóta sömu réttinda sem lögskráðir menn hafa, svo sem varðandi rétt til sjóveðs o.fl.

Sé beitt í ákvæðisvinnu skal sá hlutur sem ella hefði fallið til landmanna, ganga til að greiða kostnað af ákvæðisvinnunni.

2.03 Útilegur:

Bátar sem veiða með línu, teljast vera á útlegu þegar beitt er um borð. Á bátum sem eru í útlegu, skal heimilt að hafa tveimur mönnum fleira án þess aðskiptaprósenta breytist.

Ef um færri eða fleiri menn er að ræða á skipinu en að ofan greinir í lið I. og II., skal skiptarprósenta lækka eða hækka um 1,3 fyrir hvern mann sem vantar eða umfram er.

2.04 Bátar með beitingavélar

2.05 Landróðrar.

Á skipum með beitingavél, sem landa daglega, skal hundraðshluti af afla vera eftirfarandi:

Á skipum að 60 brl.	31,9% miðað við 5 menn
Á skipum 60 - 100 brl.	31,9% miðað við 7 menn
Á skipum 101-149 brl.	30,5% miðað við 9 menn
Á skipum 150-190 brl.	30,5% miðað við 11 menn
Á skipum 191 - 241 brl.	29,4% miðað við 12 menn
Á skipum 241 og stærri	28,4% miðað við 12 menn

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptarprósenta lækka um 1,6 fyrir hvern mann sem vantar.

Ef um fleiri menn er að ræða, skal skipaprósentan hækka um 1,6 fyrir hvern mann.

2.06 Útilegur.

Á skipum með beitningavél, sem eru á útilegu, skal hundraðshluti af afla verða eftirfarandi:

Á skipum að 60 brl.	33,5% miðað við 6 menn
Á skipum 60 - 100 brl.	33,5% miðað við 8 menn
Á skipum 101 - 144 brl.	33,5% miðað við 10 menn
Á skipum 145 - 241 brl.	33,3% miðað við 14 menn
Á skipum 241 og stærri	32,3% miðað við 14 menn

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,6 fyrir hvern mann sem vantar.

Ef um fleiri menn er að ræða skal skiptaprósentan hækka um 1,6 fyrir hvern mann sem umfram er.

Á skipum með beitningarvél á útilegu skulu vera tveir vaktformenn, hvor á sinni vakt og skal hvor þeirra hafa 1 1/10 aflahlut.

2.07 Skilgreining skiptaverðmætis.

Um skiptaverð fer samkvæmt. lögum nr. 24/1986 með síðari breytingum. Sjá nánari skilgreiningu í grein 1.01.

2.08 Línulengd og fleira.

Á landróðrum skal hver landmaður beita 8 bala (400 króka) í róðri og 16 bala, þegar róíð er með tvær setningar, miðað við hefðbundin efni og gerð línunnar. Lengd milli króka skal ekki vera meiri en 52-54 tommur. Heimilt er að bæta við á kostnað útgerðar 8 aukabölum, þannig að línulengd verði 48 balar í róðri.

Á sama hátt er heimilt á skipum 101 - 240 brl., að bæta við öðrum 8 böllum, þannig að línulengd verði 56 balar og á bátum yfir 240 brl. 16 böllum, þannig að línulengd verði 64 balar.

Þá verði og heimilt að kaupa beitingu á 8 aukabölum til viðbótar hjá hverjum ofangreindra flokka yfir steinbítisvertíðina.

Á útilegu skal hverjum beitingarmanni eigi skylt að beita meira en 8 bala (400króka) á sólarhring.

2.09 Greiðslur fyrir einstakar sjóferðir.

Séu menn teknir í einstaka róðra skal greiða viðkomandi manni fyrir hvern róður sem hér segir:

Háseti	kr.....12.259
Matsv.,1. Vélstj. og vélavörður	kr. 15.323
Yfirvélstjóri	kr. 18.387

Sé aflahlutur hærri skal þó greiða hann. Sé skipverji lengri tíma þ.e. fleiri en sex róðra, þá skal honum, að fyrrgreindum tíma liðnum, greiddur hlutur og trygging eins og um fastráðinn skipverja sé að ræða.

2.10 Aukagreiðslur.

Á landróðrabátum, er veiða með línu, skal háseti sá er á sjó fer, fá auk umsamdra launa kr. 22.740,- á mánuði eða 12,5% aukahlut ef hann reynist hærri. Þegar róíð er með 8 aukabala, skulu hverjum sjómanni greidd aukalaun kr 14.510,- á mánuði eða hlutfallslega minna, ef aukabalarnir eru færri.

Sama hlutfall gildir um greiðslu við línuaukningu sbr. ákvæði gr. 2.03 Fyrir ákvæðisvinnu við að beita skal greiða fyrir hvern bala (400 króka) kr. 1.316,-. Fyrir að taka á móti bátum skal greiða kr. 1.789,-.

Menn sem vinna við línubeitingu í ákvæðisvinnu, sem verða frá verki sakir veikinda eða slysa, skulu njóta sama réttar og hlutaráðnir menn.

2.11 Landformaður.

Landformaður skal hafa á hendi vinnustjórn í beitingarskýli, boðun landmanna til starfa, merkingu ábótar, umsjón með hirðingu veiðarfæra og tilheyrandi áhalda, ráðningu manna í samráði við skipstjóra og útgerðarmann. Landformaður á línubát skal hafa 25% umfram hlut háseta. Landformanni skal greiddur sannanlegur símakostnaður vegna starfsins.

2.12 Hvíldartími.

Skipverjar skulu hafa minnst 6. klst. hvíld á sólarhring. Þó skulu skipverjar á útilegubátum, sem róa með línu hafa minnst 8 klst. hvíld á sólarhring.

2.13 Löndunarfrí.

Á línubátum, sem koma með afla úr tveim lögnum, þó fiskur sé ísaður, skulu skipverjar landa án aukagreiðslu.

Á útilegubátum, sem stunda veiðar með línu og ísa eða salta aflann um borð, skulu skipverjar undanþegnir löndun á afla að undanskildum einum háseta, sem aðstoði við löndunina. Nái afli ekki 10 tonnum af ísfiski skulu skipverjar landa og skal útgerðin greiða þeim, sem að löndun vinna kr. 1.669,- fyrir hvert tonn til jafnra skipta þeirra á milli.

Vélstjórar skulu skipta með sér fríum, meðan afla er landað, eftir því sem samrýmist störfum þeirra.

2.14 Hafnarfrí.

I. Róðra og helgarfrí á landróðrabátum:

- a) Á bátum, sem róa með línu, skal eigi róið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Þó skal heimilt að vitja veiðarfæra á helgidegi, ef bátur hefur þurft að skilja þau eftir í sjó vegna óveðurs eða bilunar. Heimilt er einnig að róa á sunnudögum, þegar fiskað er fyrir erlendan markað.
- b) Á tímabilinu 1. nóvember til 30. apríl, er heimilt að róa 6 róðra í viku hverri, en á öðrum tíma 5 róðra. Þá skal eigi róið laugardag fyrir páska, enda sé heimilt að róa á skírdag. Skipverjar skulu hafa minnst 24 klst. hvíld að löndun lokinni á laugardag, þar til farið er í róður á sunnudag. Þó skal aldrei farið í róður fyrr en kl. 18:00 á samningsbundnum helgidögum.
- c) Eigi skal róið 1. maí og 17 júní.

- d) Um sjómannadagshelgina vísast í lög um sjómannadag. (sjá bls. 67)

II. Róðra- og hafnarfrí á útilegubátum:

- a) Á bátum, sem róa með línu og ísa eða salta aflann um borð, skulu skipverjar eiga 24 klst. hafnarfrí að lokinni hverri veiðiferð, enda taki hún eigi skemmri tíma en 5 daga. Á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst skal vera eitt 48 klst. helgarfrí í mánuði.
- b) Um páskahelgina skulu skipverjar eiga 48 klst. frí og falli páskadagur inn í það frí.
- c) Um sjómannadagshelgina vísast í lög um sjómannadag. (sjá bls.67)
- d) Sigli útilegubátur með afla á erlendan markað, skulu skipverjar hafa hafnarfrí í 48 klst. í heimahöfn að lokinni söluferð.
- f) Standi veiðiferð hjá skipi sem er á útilegu í 10 sólarhringa eða lengur, skal skipverjum veitt 48 klst. hafnarfrí, að lokinni veiðiferð.

III: Skiptimanna- og jafnlaunakerfi

Heimilt er LÍÚ vegna einstakra útgerða og stéttarfélögum viðkomandi skipverja að semja um að hafnarfrí verði tekin í frítúrum þannig að skipið stoppi ekki umfram þann tíma sem tekur að landa afla og búa skipið undir næstu veiðiferð. Í slíkum samningi skal kveðið á um að tekið verði upp skiptimannakerfi þannig að hver skipverji vinni að jafnaði 22 daga í hverjum mánuði, en eigi frí aðra daga mánaðarins.

Komi til þess að ekki fiskist fyrir kauptryggingu innan mánaðar skal greiða hverjum skipverja kauptryggingu miðað við fullan mánuð enda hafi viðveruskylda skipverjans verið 22 dagar í mánuðinum. Heimilt er skipverjum í samráði við útgerð að ákveða jafnaðarlaunakerfi samhliða því að slíkt skiptimannakerfi er tekið upp.

III. KAFLI.

3.0 NETAVEIÐAR

3.01 Skiptakjör þegar veitt er í net.

3.02 Landróðrar.

Á landróðrabátum, sem stunda veiðar með netum, fá skipverjar í sinn hlut eftirtalinn hundraðshluta af skiptaverði:

Á skipum að 21 rúml.,	39,0% miðað við 6 menn
Á skipum 21 - 30 rúml.,	33,0% miðað við 7 menn
Á skipum 31 - 50 rúml.,	30,5% miðað við 7 menn
Á skipum 51 - 110 rúml.,	29,5% miðað við 8 menn
Á skipum 111 - 150 rúml.,	29,2% miðað við 10 menn
Á skipum 151 - 200 rúml.,	29,2% miðað við 11 menn
Á skipum 201 - 240 rúml.,	29,0% miðað við 11 menn
Á skipum 241 - 300 rúml.,	28,0% miðað við 12 menn
Á skipum 301 - 500 rúml.,	28,0% miðað við 13 menn

3.03 Útilegur.

Útilega telst það þegar lagðar eru tvær lagnir og aflinn úr annarri lögninni, hið minnsta, er slægður og ísaður.

Á bátum sem eru í útilegu, skal heimilt að hafa einum manni fleira en að ofangreindir, án þess að skiptaprósentan breytist.

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,2 fyrir hvern mann sem fækkað er um.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir, skal skiptaprósentan hækka um 1,2 fyrir hvern mann sem umfram er.

Um netafjölda fer samkvæmt reglugerð.

3.04 Kaup fyrir einstakar sjóferðir.

Séu menn teknir í einstaka róðra skal greiða viðkomandi manni fyrir hvern róður sem hér segir:

Háseti	kr. 12.259,-
Matsveinn, Vélavörður og 1. Vélstj.	kr. 15.323,-
Yfirvélstjóri	kr. 18.387,-

Sé aflahlutur hærri skal þó greiða hann. Sé skipverji lengri tíma þ.e. fleiri en sex róðra, þá skal honum, að fyrrgreindum tíma liðnum, greiddur hlutur og trygging eins og um fastráðinn skipverja sé að ræða.

3.05 Hvíldartími.

Skipverjar skulu hafa minnst 6 klst. hvíld á sólarhring. Þá skulu skipverjar á útilegubátum með net hafa minnst 8 klst. hvíld á sólarhring.

3.06 Löndunarfrí.

Þegar afla netabáta er landað úr tveimur lögnum, skal útgerðin leggja til tvo menn í löndun þann tíma, sem helgarfrí eru ekki í gildi. Á netabátum sem slægja aflann um borð, skulu skipverjar undanþegnir löndun afla, sé hann 20 lestir eða meiri. Sé afli undir 20 lestum skulu skipverjar landa aflanum sjálfir, en eiga rétt á 2 klst. frí, að löndun lokinni, óski þeir þess.

Á útilegubátum, sem stunda veiðar með net og ísa eða salta aflann um borð, skulu skipverjar undanþegnir löndun á afla að undanskildum einum háseta, sem aðstoði við löndunina. Nái afli ekki 10 tonnum af ísfiski skulu skipverjar landa og skal útgerðin greiða þeim, sem að löndun vinna kr. 1.669,- fyrir hvert tonn til jafnra skipta þeirra á milli.

Vélstjórar skulu skipta með sér fríum, meðan afla er landað, eftir því sem samrýmist störfum þeirra.

3.07 Hafnarfrí.

Á netabátum skal skipverjum tryggt að lágmarki fjögurra sólarhringa frí í mánuði frá upphafi til loka netavertíðar. Af þessum fjórum frídögum skulu að minnsta kosti tveir veittir á sunnudegi.

Hafnarfrí telst aldrei skemmri tími en 24 klst. Hafnarfrí sem veitt er umfram 24 klst. skal teljast í hálfum og heilum sólarhringum, þannig að klst. sem ekki ná heilum og hálfum sólarhring falla niður.

Sé bátur skilinn eftir utan lögskráningarstaðar áhafnar, skal útgerðarmaður sjá skipverjum fyrir fari frá og til útgerðarstaðar skipsins í hafnarfríum. Á föstudaginn langa, páskadag og sjómannadaginn skal ekki róið eða verið á sjó.

Þetta ákvæði gildir ekki þegar skip er á veiðum fyrir siglingu með aflann á erlendan markað.

IV. KAFLI.

4.0 DRAGNÓTAVEIÐAR.

4.01 Skiptakjör á dragnótaveiðum.

Á skipum að	31 rúml.	35,5%	miðað við 4 menn
Á skipum	31 - 50 rúml.	35,5%	miðað við 5 menn
Á skipum	51 - 110 rúml.	35,5%	miðað við 7 menn
Á skipum	111 - 150 rúml.	35,5%	miðað við 8 menn
Á skipum	151 - 240 rúml.	35,5%	miðað við 9 menn
Á skipum	241 rúml. og yfir	34,5%	miðað við 9 menn

Séu færri menn á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,5 fyrir hvern mann sem fækkað er um.

Séu fleiri menn á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 1,5 fyrir hvern mann sem umfram er.

4.02 Skilgreining skiptaverðmætis.

Um skiptaverð fer samkvæmt. lögum nr. 24/1986 með síðari breytingum. Sjá nánari skilgreiningu í grein 1.01.

4.03 Helgarfrí.

Á dragnótarbátum skulu skipverjum tryggðir minnst fjórir frídagar í mánuði. Á tímabilinu 1. maí til 30. september skulu vera tvö helgarfrí í mánuði frá kl. 16:00 á laugardag til kl. 20:00 á sunnudag.

Um páskahelgina skulu skipverjar eiga 48 klst. frí og falli páskadagur inn í það frí. Um sjómannadagshelgina vísast í lög um sjómannadag.(sjá bls.67)

4.04 Hafnarfrí.

Sigli útilegubátur með afla á erlendan markað, skulu skipverjar hafa hafnarfrí í 48 klst. í heimahöfn að lokinni söluferð.

Standi veiðiferð hjá skipi sem er á útilegu í 10 sólarhringa eða lengur, skal skipverjum veitt 48 klst. hafnarfrí, að lokinni veiðiferð.

V. KAFLI.

5 BOTNVÖRPUVEIÐAR.

5.0 Bátar og togarar undir 42 metrum.

5.01 Skiptakjör á veiðum með botnvörpu.

5.01.1 Skuttogarar stærri en 200 brl, styttri en 29 metrar (mesta lengd).

28,6% miðað við 12 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,6 fyrir hvern mann sem fækkað er um.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósenta hækka um 1,6 fyrir hvern mann sem umfram er.

5.01.2 Skuttogarar 29 - 42 metrar að lengd (mesta lengd).

27,9% miðað við 11 - 14 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,3 fyrir hvern mann sem fækkað er um.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósenta hækka um 1,3 fyrir hvern mann sem umfram er.

5.01.3 Bátar og togarar 200 brl. og minni.

Á bátum sem veiða með botnvörpu fá skipverjar í sinn hlut eftirtalinn hundraðshluta af skiptaverði:

Á skipum að 51 rúml.,	31.0% miðað við 5 menn
Á skipum 51 - 110 rúml.,	30.5% miðað við 7 menn
Á skipum 111 - 150 rúml.,	30.0% miðað við 10 menn
Á skipum 151 - 200 rúml.,	30.0% miðað við 11 menn
Á skipum 201 - 240 rúml.,	29.5% miðað við 11 menn
Á skipum 241 - 500 rúml.,	28.5% miðað við 11 menn

Ef færri menn eru á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,0 fyrir hvern mann sem fækkað er um.

Ef um fleiri menn eru á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 1,0 fyrir hvern mann sem umfram er.

5.02 Skilgreining skiptaverðmætis.

Um skiptaverð fer samkv. lögum nr. 24/1986 með síðari breytingum. Sjá nánari skilgreiningu í grein 1.01.

5.03 Aukagreiðslur.

Netamaður á togbát og togurum undir 29 metrum skal hafa 1 ¼ hásetahlut.

Netamaður á togurum 29 metrum og stærri skal hafa 1 1/8 hásetahlut.

Á skuttogurum 29 – 42 metrar skal vera bátsmaður er hafi 1 1/5 hásetahlut.

Á togbátum allt að 200 rúm.. skal vera minnst 1 netamaður, og ef stýrimaður er ekki vanur netamaður, skulu netamenn vera tveir.

Á togbátum yfir 200 rúm.. skulu netamenn vera tveir.

Netamaður skal fá 25% umfram hlut háseta. Ef ekki er tilskilinn fjöldi netamanna á skipi skal aukalaunum þeirra skipt milli skipverja eftir tillögu skipstjóra og trúnaðarmanns háseta.

Fyrir að taka um borð vír og splæsa, skal útgerðin greiða kr. 22.285,- sem skiptist jafnt milli þeirra, er verkið vinna.

5.04 Hvíldartími.

Skipverjar skulu hafa minnst 8 klst. hvíld á sólarhring.

5.05 Löndunarfrí.

Á togbátum sem ísa eða salta aflann um borð, skulu skipverjar undanþegnir löndun á afla að undanskildum einum háseta, sem aðstoði við löndunina.

Nái afli ekki 10 tonnum af ísfiski skulu skipverjar landa og skal útgerðin greiða þeim, sem að löndun vinna kr. 1.669,- fyrir hvert tonn til jafnra skipta þeirra á milli.

Vélstjórar skulu skipta með sér fríum, meðan afla er landað, eftir því sem samrýmist störfum þeirra.

5.06 Hafnarfrí.

Þegar landað er innanlands, skulu skipverjum á togbátum tryggð hafnarfrí, sem hér segir:

- a) Frá 1. maí til 30. sept. í 4 sólarhringa á mánuði, þar af eitt helgarfrí í 48 klst., hinar 48 klst. skulu teknar í tvennu lagi. Helgarfríið í júní skal tekið um sjómannadagshelgina samkvæmt lögum.
- b) Frá 1. okt. til 30. apr. í 4 sólarhringa á mánuði. Um jólahelgina skal vera þriggja sólarhringa frí og telst það eitt hafnarfrí. Um

áramót skulu skipverjar eiga hafnarfrí frá kl. 16:00 á gamlársgdag til kl. 22:00 á nýársdag. Um páskahelgina skulu skipverjar eiga 48 klst. hafnarfrí og falli páskadagur inn í það frí. Telst þetta frí vera hluti af hafnarfríi viðkomandi mánaðar.

Öll hafnarfrí miðast við heimahöfn skipsins og sé hvert hafnarfrí aldrei skemmri tími en 24 klst. Helgarfrí skal tekið frá kl. 24:00 á föstudegi til kl. 18:00 á mánudegi, þannig að á þessu tímabili verði samanlagt frí eigi styttra en 48 klst.

Frátafir frá veiðum vegna veðurs falla inn í umrædd hafnarfrí allt að þremur sólarhringum í einu. Hafnarfrí telst þó ekki hafa verið veitt, nema skipstjóri hafi tilkynnt um það fyrirfram fyrir hverjar 24 klst.

Ef bátur hefur stöðvast frá veiðum allt að viku, koma umrædd hafnarfrí ekki til framkvæmda þann mánuð. Ef um skemmri tíma stöðvun er að ræða, sem helgi fellur inn í, skal helgarfríið falla niður.

5.1 SKUTTOGARAR.

5.11 Skiptakjör.

Skuttogarar 42 metrar að lengd og lengri:

29,3% miðað við 16 menn

30,2% miðað við 17 menn

31,8% miðað við 18 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósenta lækka um 0,9 fyrir hvern mann sem fækkað er um.

Ef fleiri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósenta hækka um 0,9 fyrir hvern mann sem umfram er.

5.12 Skilgreining skiptaverðmætis.

Um skiptaverðmæti fer samkvæmt. lögum nr. 24/1986 með síðari breytingum. Sjá nánari skilgreiningu í grein 1.01.

5.13 Aukagreiðslur.

Á skuttogurum skal vera sérstakur bátsmaður, og hafi hann 20% umfram hlut háseta. Ennfremur skulu vera tveir netamenn hafi hvor þeirra 12,5% umfram hlut háseta. Ætíð skal tryggt að netamannshluttur komi til þeirra sem samningur þessi nær til, sé vanur netamaður fyrir hendi. Fyrir að taka um borð vír og splæsa, skal útgerðin greiða kr. 22.285,- sem skiptist jafnt milli þeirra, er verkið vinna.

Þegar aðeins tveir vélstjórar vinna í vél á skuttogurum skal yfirvélstjóri hafa að auki kr. 23.614.- og 1. vélstjóri kr. 17.176.- í kaup á mánuði. Kaup

Þetta skal greiða auk umsaminnar prósentu af aflaverðmæti án tillits til kauptryggingar.

Kaup þetta skal vera 50% hærra á þeim togurum þar sem svartolía er notuð á aflvélar (yfirvélstjóri 34.306,- & 1. vélstj. 24.953,-).

Kaup 2. vélstjóra á skuttogara, sem brennir svartolíu, skal ef hann vinnur í vél vera kr. 13.606.- Ef 2. vélstjóri er ekki á skipinu skal vélstjórum greitt auk ofangreinds kaups kr. 14.385.- á mánuði, enda gangi þeir í störf hans, sem vélstjóra.

5.14 Hvíldartími.

Á skuttogurum skal unnið á 6 klst. vöktum, þannig að skipverjar hafi 12 klst. hvíld á sólarhring.

5.15 Löndunarfrí.

Á skuttogurum skulu skipverjar undanþegnir löndun á afla. Vélstjórar á skuttogurum skulu undanþegnir varðstöðu um borð í samningsbundnum hafnarfríum. Þó skulu vélstjórar hafa umsjón með viðgerðum, sem framkvæmdar eru á þeim tíma, eftir því sem þeir telja þörf á.

5.16 Hafnarfrí.

Þegar landað er innanlands, skulu skipverjum á skuttogurum tryggð hafnarfrí, sem hér segir:

- a) Frá 1. apríl til 31. ágúst í 108 klst. á mánuði, þar af eitt helgarfrí í 48 klst. Helgarfríið í júní skal tekið um sjómannadagshelgina samkvæmt lögum.
- b) Frá 1. sept. til 31 mars þrisvar í mánuði (90 klst.). Um jólahelgina skal tekið þriggja sólarhringa frí og telst það eitt hafnarfrí.

Um áramót skulu skipverjar eiga frí frá kl. 12:00 á gamlársgang til kl. 14:00 þann 2. janúar. Hefji skip veiðar í siglingu, að afloknu jólaaleyfi, er heimilt að fella niður áramótafrí, en í stað þess stoppi skip í 84 klst. í heimahöfn, að aflokinni siglingu.

Tilkynna skal um siglingu með eins löngum fyrirvara og kostur er.

- c) Hvert hafnarfrí sé aldrei skemmra en 30 klst. Helgarfrí skal tekið frá kl. 24:00 á föstudegi til kl. 18:00 á mánudegi, þannig að á þessu tímabili verði samanlagt frí eigi styttra en 48 klst. Frátafir frá veiðum vegna veðurs falla inn í umrædd hafnarfrí sem svarar tveim hafnarfríum í einu. Hafnarfrí telst þó ekki hafa verið veitt, nema skipstjóri hafi tilkynnt um það fyrirfram.
- d) Sigli togari á erlendan markað skulu skipverjar hafa hafnarfrí í 60 klst. í heimahöfn að lokinni söluferð, ef skipið kemur til heimahafnar, en 90 klst. ef skipið fer beint á veiðar eftir söluferð. Fari skipið í viðgerð erlendis að aflokinni söluferð, getur útgerðaraðili gefið skipverjum kost á heimferð á kostnað útgerðar. Falli þá niður hafnarfrí, við heimkomu skips.
- e) Þegar skipverji ætlar að taka frí, skal hann bera fram ósk sína við skipstjóra a.m.k. þrem dögum áður en skipið kemur til hafnar og þá taka fram hve lengi hann hyggst vera frá störfum.
- f) Leyfilegt er að flytja eitt hafnarfrí á milli mánaða en noti útgerðarmaður sér þennan rétt, skal fríinu skilað í fyrstu inniveru næsta mánaðar á eftir, ásamt fyrsta hafnarfríi þess mánaðar. Helgarfríið í apríl má vera hreyfanlegt milli mars og apríl og takist þá á páskum.

- g) Vaktmaður skal vera um borð meðan skipið er í höfn. Kaup hans greiðist af útgerðinni.

5.17 Frávik frá hafnarfrí.

Komi ósk frá skipverjum til stéttarfélaganna þeirra um að hafnarfrí verði tekið í frítúrum, þannig að milli veiðiferða stoppi skipið aðeins þann tíma sem tekur að landa úr því, skulu stéttarfélögin í sameiningu láta fara fram leynilega atkvæðagreiðslu um slíka tilhögun á hafnarfríunum meðal þeirra skipverja sem ráðnir eru á skipið.

Samþykki meiri hluti skipverja í leynilegri atkvæðagreiðslu þannig tilhögun á hafnarfríum skulu félögin ganga frá slíku samkomulagi við útgerðina þar sem m.a. komi fram hvernig fríum verði háttað. Samkomulag um slík frávik frá hafnarfríum skal gilda í a.m.k. 12 mánuði í senn og er að þeim tíma liðnum uppsegjanlegt með eins mánaðar fyrirvara.

5.18 Hvíldartími á skuttogurum

Hásetar skulu hafa 12 klst. til hvíldar og matar á hverjum 24 klukkustundum.

5.2 FRYSTITOGARAR.

5.21 Skiptakjör á frystitogurum, sem vinna aflann um borð.

Hver veiðiferð á frystitogurum er sérstakt kauptryggingartímabil.

30.5% miðað við 20 menn

31.0% miðað við 21 mann

31.5% miðað við 22 - 24 menn

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,8 fyrir hvern mann sem á vantar.

Fyrir hvern mann sem er um borð umfram framangreindan fjölda, skal skiptaprósentan hækka um 0,5.

5.22 Skilgreining skiptaverðmætis.

Um skiptaverðmæti fer samkvæmt. lögum nr. 24/1986 með síðari breytingum. Sjá nánari skilgreiningu í grein 1.01.

5.23 Uppgjör.

Skipverjar skulu fá 90% áætlaðs aflahlutar í lok hvernar veiðiferðar. Endanlegt uppgjör fari fram eigi síðar en í lok næstu veiðiferðar.

Trúnaðarmaður skipverja skal fá í sínar hendur sölunótur afurða þegar hann óskar þess.

5.24 Álag á aflahlut.

Greiða skal 7% álag á aflahlut hvers og eins í áhöfn.

5.25 Hlífðarföt.

Hlífðarfatakostnaður þeirra skipverja er ganga vaktir á dekki, verði 30% umfram almenna greiðslu vegna hlífðarfata, að auki skal útgerð sjá áhöfn fyrir:

1. Hlífðarfatnaði vegna vinnu í frystilest.
2. Sloppum og húfum.

5.26 Yfirumsjón með fiskvinnsluvélum.

Þeir 2 hásetar sem hafa yfirumsjón og eftirlit með fiskvinnsluvélum, skulu hafa 1 1/16 hásetahlut hvor, þetta ákvæði gildir hvort heldur skipið stundar bolfiskveiðar eða bæði bolfisk- og rækjuveiðar í sömu veiðiferð.

5.27 Aðstoð við matsvein.

Á frystitogara með 25 menn eða færri í áhöfn, skal háseti aðstoða matsvein 2 1/2 klst. á sólarhring eftir óskum matsveins. Sú aðstoð skal fara fram á vinnuvakt hásetans. Á frystitogara með 26 menn í áhöfn eða fleiri skal vera aðstoðarmaður matsveins, og telst hann ekki til eiginlegrar skipshafnar við ákvörðun á mannfjölda og skiptaprósentu.

Aðstoðarmaðurinn skal hafa kr. 277.340,- í föst mánaðarlaun, sem greiðist af útgerð skipsins, óháð hlutaskiptum annarra skipverja. Vinnutími hans skal vera 10 klst. á sólarhring á tímabilinu frá kl. 08:30 til kl. 22:00 eftir nánari ákvörðun matsveinsins. Útgerðarmaður skal hafa samráð við matsveininn, ef gera þarf lagfæringar í eldhúsi vegna fjölgunar í áhöfn skipsins.

5.28 Aukagreiðslur

Á frystitogurum skal vera sérstakur bátsmaður, og hafi hann 20% umfram hlut háseta. Enn fremur skulu vera tveir netamenn hafi hvor þeirra 12,5% umfram hlut háseta. Ætíð skal tryggt að netamannshluttur komi til þeirra sem samningur þessi nær til, sé vanur netamaður fyrir hendi.

Fyrir að taka um borð vír og splæsa, skal útgerðin greiða kr. 22.285,- sem skiptist jafnt milli þeirra, er verkið vinna.

Þegar aðeins tveir vélstjórar vinna í vél á skuttogurum skal yfirvélstjóri hafa að auki kr. 23.614.- og 1. vélstjóri kr. 17.176.- í kaup á mánuði. Kaup þetta skal greiða auk umsaminnar prósentu af aflaverðmæti án tillits til kauptryggingar. Kaup þetta skal vera 50% hærra á þeim togurum þar sem svartolía er notuð á aflvélar (yfirvélstjóri 34.306.- & 1. vélstj. 24.923.-).

Kaup 2. vélstjóra á skuttogara, sem brennir svartolíu, skal ef hann vinnur í vél vera kr. 13.606.- Ef 2. vélstjóri er ekki á skipinu skal vélstjórum greitt auk ofangreinds kaups kr. 14.358.- á mánuði, enda gangi þeir í störf hans, sem vélstjóra.

5.29 Hvíldartími.

Á skuttogurum skal unnið á 6 klst. vöktum, þannig að skipverjar hafi 12 klst. hvíld á sólarhring.

5.30 Löndunarfrí.

Á skuttogurum skulu skipverjar undanþegnir löndun á afla.

Vélstjórar á skuttogurum skulu undanþegnir varðstöðu um borð í samnings-bundnum hafnarfríum. Þó skulu vélstjórar hafa umsjón með viðgerðum, sem framkvæmdar eru á þeim tíma, eftir því sem þeir telja þörf á.

5.31 Hafnarfrí.

Þegar landað er innanlands, skulu skipverjum á skuttogurum sem frysta aflann um borð tryggð hafnarfrí, sem hér segir:

A: Þar sem útgerð og áhöfn hafa gert með sér skriflegan ráðningarsamning um skiptipláss og frítökurétt:

1. Skipverjum skal tryggt **mánaðarlegt** frí í **96 klst.**, þegar landað er innanlands.
2. **Sjómannadagshelgin** samkvæmt lögum og hafnarfrí um **jólahátíðina** frá kl. 24:00 hinn 23. desember til kl. 14:00 hinn 2. janúar, er hluti af samningsbundnum hafnarfríum.
3. Heimilt er að **safna** samningsbundnum hafnarfríum **saman**, en ávallt skulu þau tekin að lokinni hverri veiðiferð. Hafnarfrí samkvæmt lið 2. skulu þó ávallt tekin á réttum tíma.
4. Leyfilegt er að **flytja** helming hafnarfrís milli mánaða, en noti útgerðarmaður sér þennan rétt, skal fríinu skilað í fyrstu inniveru næsta mánaðar á eftir.

5. Skipverjar skulu hafa rétt til **fritöku** samkvæmt skriflegum ráðningarsamningi hvers og eins úr áhöfn við útgerðina. Eigi skipverjar rétt á fritöku utan heimahafnar innanlands eða erlendis, skal útgerðarmaður sjá honum fyrir fari til heimahafnar, ásamt fæði og gistingu þann tíma sem ferðin tekur.
6. Hafi áhöfn notfært sér rétt sinn skv. lið 5., telst útgerð hafa staðið við hafnarfríssamning, fái áhöfn umsamið frí innan hvers tveggja mánaða tímabils.

Fari skip í **viðgerð erlendis** að aflokinni söluferð getur útgerðaraðili gefið skipverjum kost á heimferð á kostnað útgerðar. Falli þá niður hafnarfrí við heimkomu skipsins.

B: Hafnarfrí þar sem áhöfn og útgerð hafa ekki gert skriflegan ráðningarsamning um skipspláss og fritökurétt:

Hafnarfrí skal vera 1 klst fyrir hverjar 6 1/2 klst af útivistartíma skips. Hafnarfrí skal þó aldrei vera skemmri tími en 30 klst. að lokinni útivist hverju sinni.

Útivist skipsins skal reiknast frá því að skipið leggur af stað úr heimahöfn í veiðiferð til þess tíma sem skip kemur til hafnar og hafnarfrí hefst. Hafnarfrí skal ávallt tekið í heimahöfn skips.

Nú breytist til lengingar samningsbundinn tími hafnarfrís, skal þá tilkynna skipshöfn með minnst fjögurra klst. fyrirvara um breyttan brottfarartíma.

Sé skipið ekki tilbúið til brottfarar klukkustund eftir tilkynntan brottfarartíma og sökin er útgerðarinnar ber skipstjóra að fresta brottför um 4 klst.

Skipverjar skulu eiga rétt á frí þriðju hverja veiðiferð. Ekki er þó skylt að gefa fleiri en þriðjungi skipverja frí í hverri veiðiferð til þess að tryggð sé eðlileg vinnsla um borð, nema sérstakar ástæður liggi fyrir.

Eigi síðar en á 26. degi veiðiferðar og aldrei seinna en 4 sólarhringum áður en veiðiferð lýkur, skal tilkynna áhöfn hvenær henni lýkur.

Tvisvar sinnum á ári skal til hagræðingar heimilt að ljúka veiðiferð, þó að komið sé til hafnar og hluta af aflanum landað úr skipinu.
(Millilöndunarákvæði)

Veiðiferð skal þó aldrei vera lengri en 40 sólarhringar.

Tekið skal frí um sjómannadagshelgina samkvæmt lögum.

Um jólahelgina skal tekið þriggja sólarhringa frí og telst það eitt hafnarfrí. Um áramót skulu skipverjar eiga frí frá kl. 12:00 á gamlársmorgun til kl. 14:00 þann 2. janúar. Hefji skip veiðar í siglingu að afloknu jólaleyfi, er heimilt að fella niður áramótafrí, en í stað þess stoppi skip í 84 klst. í heimahöfn að aflokinni siglingu.

Tilkynna skal um siglingu með eins löngum fyrirvara og kostur er.

Sigli togari á erlendan markað skulu skipverjar hafa hafnarfrí í 60 klst. í heimahöfn að lokinni söluferð, ef skipið kemur til heimahafnar, en 90 klst. ef skipið fer beint á veiðar eftir söluferð. Fari skipið í viðgerð erlendis að aflokinni söluferð, getur útgerðaraðili gefið skipverjum kost á heimferð á kostnað útgerðar. Falli þá niður hafnarfrí við heimkomu skips.

Þegar skipverji ætlar að taka frí skal hann bera fram ósk sína við skipstjóra a.m.k. þrem dögum áður en skipið kemur til hafnar og þá taka fram hve lengi hann hyggst vera frá störfum.

C: Áætlaðar inniverur á frystitogurum

Við upphaf veiðiferðar skal tilkynna áhöfn hvenær áætlað er að veiðiferð ljúki. Verði breytingar á áætlaðri lengd veiðiferðar skal það tilkynnt áhöfn eins fljótt og verða má.

Útgerð skal upplýsa áhöfn um áætlaða lengd veiðiferða a.m.k. þrjá mánuði fram í tímann. Jafnframt skal áhöfn tilkynnt eins fjótt og 63 verða má verði breytingar á áætlun. Breytingar frá áætlun varða ekki viðurlögum.

5.4 BÁTAR SEM FRYSTA AFLANN UM BORD.

5.41 Skiptakjör.

30,5% miðað við 16 menn

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,2 fyrir hvern mann sem á vantar.

Fyrir hvern mann sem er um borð umfram framangreindan fjölda, skal skiptaprósentan hækka um 1,2.

5.42 Skilgreining skiptaverðmætis.

Um skiptaverðmæti fer samkvæmt. lögum nr. 24/1986 með síðari breytingum. Sjá nánari skilgreiningu í grein 1.01.

5.43 Uppgjör.

Skipverjar skulu fá 90% áætlaðs aflahlutar í lok hvernar veiðiferðar.

Endanlegt uppgjör fari fram eigi síðar en í lok næstu veiðiferðar.

Trúnaðarmaður skipverja skal fá í sínar hendur sölunótur afurða þegar hann óskar þess.

5.44 Álag á aflahlut.

Greiða skal 7% álag á aflahlut hvers og eins í áhöfn.

5.45 Hlífðarföt.

Útgerð skal sjá áhöfn fyrir hlífðarfatnaði vegna vinnu í frystilest. Að öðru leyti gildi almenn ákvæði um hlífðarfatapeninga.

5.46 Yfirumsjón með fiskvinnsluvélum.

Þeir 2 hásetar sem hafa yfirumsjón og eftirlit með fiskvinnsluvélum, skulu hafa 1 1/16 hásetahlut hvor, en þar sem hafa verið greidd hærri skipti fyrir umrædd störf, skal það fyrirkomulag haldast óbreytt.

5.47 Aukagreiðslur.

Á togbátum allt að 200 rúm.. skal vera minnst 1 netamaður, og ef stýrimaður er ekki vanur netamaður, skulu netamenn vera tveir.

Á skipum yfir 200 rúml. skulu netamenn vera tveir.

Netamaður skal fá 25% umfram hlut háseta. Ef ekki er tilskilinn fjöldi netamanna á skipi skal aukalaunum þeirra skipt milli skipverja eftir tillögu skipstjóra og trúnaðarmanns háseta.

Fyrir að taka um borð vír og splæsa, skal útgerðin greiða kr. 22.285,- sem skiptist jafnt milli þeirra, er verkið vinna.

5.48 Hvíldartími.

Skipverjar skulu hafa minnst 8 klst. hvíld á sólarhring.

5.49 Löndunarfrí.

Skipverjar skulu undanþegnir löndun.

Vélstjórar skulu skipta með sér fríum, meðan aflu er landað, eftir því sem samrýmist störfum þeirra.

5.50 Hafnarfrí

Þegar landað er innanlands, skulu skipverjum á togbátum tryggð hafnarfrí, sem hér segir:

- a) Frá 1. maí til 30. sept. í 4 sólarhringa á mánuði, þar af eitt helgarfrí í 48 klst., hinar 48 klst. skulu teknar í tvennu lagi. Helgarfríð í júní skal tekið um sjómannadagshelgina samkvæmt lögum.
- b) Frá 1. okt. til 30. apr. í 4 sólarhringa á mánuði. Um jólahelgina skal vera þriggja sólarhringa frí og telst það eitt hafnarfrí. Um áramót skulu skipverjar eiga hafnarfrí frá kl. 16:00 á gamlársgdag til kl. 22:00 á nýársdag. Um páskahelgina skulu skipverjar eiga 48 klst. hafnarfrí og falli páskadagur inn í það frí. Telst þetta frí vera hluti af hafnarfríi viðkomandi mánaðar.

Öll hafnarfrí miðast við heimahöfn skipsins og sé hvert hafnarfrí aldrei skemmri tími en 24 klst.

Helgarfrí skal tekið frá kl. 24:00 á föstudegi til kl. 18:00 á mánudegi, þannig að á þessu tímabili verði samanlagt frí eigi styttra en 48 klst.

Frátafir frá veiðum vegna veðurs falla inn í umrædd hafnarfrí allt að þremur sólarhringum í einu. Hafnarfrí telst þó ekki hafa verið veitt, nema skipstjóri hafi tilkynnt um það fyrirfram fyrir hverjar 24 klst.

Ef bátur hefur stöðvast frá veiðum allt að viku, koma umrædd hafnarfrí ekki til framkvæmda þann mánuð.

Ef um skemmri tíma stöðvun er að ræða, sem helgi fellur inn í, skal helgarfríð falla niður.

- c) Á skipum sem frysta aflann um borð, er heimilt að safna samnings- bundnum hafnarfríum saman og skulu þau ávallt tekin að lokinni hverri veiðiferð. Jóla- og áramótafrí skulu þó ávallt tekin á réttum tíma.

VI. KAFLI.

RÆKJUVEIÐAR.

6.0 Skip sem landa daglega eða ísa aflann um borð.

6.01 Skiptakjör.

Á skipum að 31 rúml.,	32.0%	miðað við 3 menn
Á skipum 31 - 50 rúml.,	32.0%	miðað við 4 menn
Á skipum 51 - 110 rúml.,	31.0%	miðað við 5 menn
Á skipum 111 - 239 rúml.,	29.5%	miðað við 6 menn
Á skipum 240 - 250 rúml.,	28.5%	miðað við 7 menn
Á skipum 251 - 500 rúml.,	29.0%	miðað við 8 menn
Á skipum 501 og stærri	29.3%	miðað við 9 menn

Ef færri menn eru á skipinu en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 2,0 fyrir hvern mann sem á vantar.

Ef fleiri menn eru á skipinu en að ofan greinir, skal heildarprósentan hækka um 2,0 fyrir hvern mann sem umfram er.

6.02 Skilgreining skiptaverðmætis.

Um skiptaverð fer samkvæmt. lögum nr. 24/1986 með síðari breytingum. Sjá nánari skilgreiningu í grein 1.01.

6.03 Aukagreiðslur.

Á togbátum allt að 200 rúml. skal vera minnst 1 netamaður, og ef stýrimaður er ekki vanur netamaður, skulu netamenn vera tveir.

Á skipum yfir 200 rúml. skulu netamenn vera tveir.

Netamaður skal fá 25% umfram hlut háseta. Ef ekki er tilskilinn fjöldi netamanna á skipi skal aukalaunum þeirra skipt milli skipverja eftir tillögu skipstjóra og trúnaðarmanns háseta.

Fyrir að taka um borð vír og splæsa, skal útgerðin greiða kr. 22.285,- sem skiptist jafnt milli þeirra, er verkið vinna.

6.04 Hvíldartími.

Skipverjar skulu hafa minnst 8 klst. hvíld á sólarhring.

6.05 Löndunarfrí.

Skipverjar á rækjuveiðiskipum skulu undanþegnir löndun á afla.

Vélstjórar skulu skipta með sér fríum, meðan afla er landað, eftir því sem samrýmist störfum þeirra.

6.06 Hafnarfrí á rækjuveiðiskipum.

Þegar landað er innanlands, skulu skipverjum á rækjubátum tryggð hafnarfrí, sem hér segir.

- a) Frá 1. maí til 30. sept. í 4 sólarhringa á mánuði, þar af eitt helgarfrí í 48 klst., hinar 48 klst. skulu teknar í tvennu lagi. Helgarfríið í júní skal tekið um sjómannadagshelgina samkvæmt lögum.
- b) Frá 1. okt. til 30. apr. í 4 sólarhringa á mánuði. Um jólahelgina skal vera þriggja sólarhringa frí og telst það eitt hafnarfrí. Um áramót skulu skipverjar eiga hafnarfrí frá kl. 12:00 á gamlársgang til kl. 14:00 annan janúar. Um páskahelgina skulu skipverjar eiga 48 klst. hafnarfrí og falli páskadagur inn í það frí. Telst þetta frí verahluti af hafnarfríi viðkomandi mánaðar.

Öll hafnarfrí miðast við heimahöfn skipsins og sé hvert hafnarfrí aldrei skemmri tími en 24 klst.

Helgarfrí skal tekið frá kl. 24:00 á föstudegi til kl. 18:00 á mánudegi, þannig að á þessu tímabili verði samanlagt frí eigi styttra en 48 klst.

Frátafir frá veiðum vegna veðurs falla inn í umrædd hafnarfrí allt að tveimur hafnarfríum í einu. Hafnarfrí telst þó ekki hafa verið veitt, nema skipstjóri hafi tilkynnt um það fyrirfram fyrir hverjar 24 klst.

Ef bátur hefur stöðvast frá veiðum allt að viku, koma umrædd hafnarfrí ekki til framkvæmda þann mánuð. Ef um skemmri tíma stöðvun er að ræða, sem helgi fellur inn í, skal helgarfríð falla niður.

- c) Á rækjuveiðiskipum er heimilt með fullu samkomulagi allrar áhafnar og útgerðar að fella niður hafnarfrí á tímabilinu 1. maí til 30. sept. 48 klst. helgarfrí skal þó ávallt tekið um sjómannadagshelgina og 72 klst um verslunarmannahelgina. Sunnudagur og mánudagur teljast innan þeirra tímamarka.
- d) Þegar skipverji ætlar að taka frí, skal hann bera fram ósk sína við skipstjóra a.m.k. þrem dögum áður en skipið kemur til hafnar og þá taka fram hve lengi hann hyggst vera frá störfum.
- e) Leyfilegt er að flytja eitt hafnarfrí á milli mánaða en noti útgerðarmaður sér þennan rétt, skal fríinu skilað í fyrstu inniveru næsta mánaðar á eftir, ásamt fyrsta hafnarfríi þess mánaðar.

6.07 Frávik frá 24 klst. hafnarfrí eftir hverja veiðiferð:

Komi ósk frá skipverjum til stéttarfélaganna þeirra um að hafnarfrí verði tekið með öðrum hætti en að framan greinir og í stað þess tekið samtals fjögurra sólarhringa hafnarfrí fyrir hverja 30 daga úthaldsins, skulu stéttarfélögin í sameiningu láta fara fram leynilega atkvæðagreiðslu um slíka tilhögun á hafnarfríunum meðal þeirra skipverja sem ráðnir eru á skipið.

Samþykki meiri hluti skipverja í leynilegri atkvæðagreiðslu þannig tilhögun á hafnarfríum skulu félögin ganga frá slíku samkomulagi við útgerðina þar sem m.a. komi fram hvernig fríum verði háttað. Samkomulag um slík frávik frá hafnarfríum skal gilda í a.m.k. 12 mánuði í senn og er að þeim tíma liðnum uppsegjanlegt með eins mánaðar fyrirvara. Ákvæði þetta kemur þá að öllu leyti í stað ákvæða 1. og 2. mgr. Hafnarfrí telst aldrei skemmri tími en 24 klst.

6.1 RÆKJUVEIÐAR - ÞEGAR AFLINN ER UNNINN UM BORÐ.

6.11 Skiptakjör.

Hver veiðiferð er sérstakt kauptryggingartímabil.

Á skipum, sem stunda rækjuveiðar og vinna aflann um borð, fái skipverjar í sinn hlut eftirtalinn hundradshluta af skiptaverði.

29,6%	miðað við 15 menn
30,8%	miðað við 16 menn
31,3%	miðað við 17 menn
31,8%	miðað við 18 menn
32,3%	miðað við 19 menn
32,6%	miðað við 20 menn
32,9%	miðað við 21 mann
33,3%	miðað við 22 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,2 fyrir hvern mann sem á vantar.

Séu fleiri menn á skipi í veiðiferð en tilgreint er hér að framan skal skiptaprósentan hækka um 1,2 fyrir hvern mann sem fleiri eru í áhöfn skips.

6.12 Skilgreining skiptaverðmætis.

Um skiptaverð fer samkvæmt. lögum nr. 24/1986 með síðari breytingum. Sjá nánari skilgreiningu í grein 1.01.

6.13 Aukagreiðslur.

Á togbátum allt að 200 rúml. skal vera minnst 1 netamaður, og ef stýrimaður er ekki vanur netamaður, skulu netamenn vera tveir.

Á skipum yfir 200 rúml. skulu netamenn vera tveir.

Netamaður skal fá 25% umfram hlut háseta. Ef ekki er tilskilinn fjöldi netamanna á skipi skal aukalaunum þeirra skipt milli skipverja eftir tillögu skipstjóra og trúnaðarmanns háseta.

Fyrir að taka um borð vír og splæsa, skal útgerðin greiða kr. 22.285,- sem skiptist jafnt milli þeirra, er verkið vinna.

6.14 Uppgjör.

Á rækjuveiðiskipum, sem vinna aflann um borð, skal útgerðarmaður hafa lokið uppgjöri og greiðslu við skipshöfn eigi síðar en 7 dögum eftir að endanleg skil liggja fyrir, þó aldrei síðar en 35 dögum eftir lok veiðiferðar. Áætla skal aflamagn eftir hverja veiðiferð og greiða 80% af áætluðu aflaverðmæti, áður en næsta veiðiferð hefst. Ef um mannaskipti verður að ræða í veiðiferð, skal skipta aflaverðmæti eftir dagafjölda hvers manns í skipsrúmi.

6.15 Hlífðarföt.

Hlífðarfatakostnaður þeirra skipverja er ganga vaktir á dekki, verði 30% umfram almenna greiðslu vegna hlífðarfata, að auki skal útgerð sjá áhöfn fyrir:

1. Hlífðarfatnaði vegna vinnu í frystilest.
2. Sloppum og húfum.

6.16 Hvíldartími.

Skipverjar skulu hafa minnst 8 klst. hvíld á sólarhring en á skuttogurum skal unnið á 6 klst. vöktum, þannig að skipverjar hafi 12 klst. hvíld á sólarhring.

6.17 Löndunarfrí.

Skipverjar á rækjuveiðiskipum skulu undanþegnir löndun á afla.

Vélstjórar skulu skipta með sér fríum, meðan afla er landað, eftir því sem samrýmist störfum þeirra.

6.18 Hafnarfrí.

Þegar landað er innanlands, skulu skipverjum á skuttogurum sem frysta aflann um borð tryggð hafnarfrí, sem hér segir:

A: Þar sem útgerð og áhöfn hafa gert með sér skriflegan ráðningarsamning um skiptipláss og frítökurétt:

1. Skipverjum skal tryggt mánaðarlegt frí í 96 klst., þegar landað er innanlands.
2. Sjómannadagshelgin samkvæmt lögum og hafnarfrí um jólahátíðina frá kl. 24:00 hinn 23. desember til kl. 14:00 hinn 2. janúar, er hluti af samningsbundnum hafnarfríum.
3. Heimilt er að safna samningsbundnum hafnarfríum saman, en ávallt skulu þau tekin að lokinni hverri veiðiferð. Hafnarfrí samkvæmt lið 2. skulu þó ávallt tekin á réttum tíma.
4. Leyfilegt er að flytja helming hafnarfrís milli mánaða, en noti útgerðarmaður sér þennan rétt, skal fríinu skilað í fyrstu inniveru næsta mánaðar á eftir.

5. Skipverjar skulu hafa rétt til frítöku samkvæmt skriflegum ráðningarsamningi hvers og eins úr áhöfn við útgerðina. Eigi skipverjar rétt á frítöku utan heimahafnar innanlands eða erlendis, skal útgerðarmaður sjá honum fyrir fari til heimahafnar, ásamt fæði og gistingu þann tíma sem ferðin tekur.
6. Hafi áhöfn notfært sér rétt sinn skv. lið 5., telst útgerð hafa staðið við hafnarfríssamning, fái áhöfn umsamið frí innan hvers tveggja mánaða tímabils.

Fari skip í viðgerð erlendis að aflokinni söluferð getur útgerðaraðili gefið skipverjum kost á heimferð á kostnað útgerðar. Falli þá niður hafnarfrí við heimkomu skipsins.

B: Hafnarfrí þar sem áhöfn og útgerð hafa ekki gert skriflegan ráðningarsamning um skipspláss og frítökurétt.

1. Frá 1. apríl til 31. ágúst í 108 klst. á mánuði, þar af eitt helgarfrí í 48 klst. Helgarfríið í júní skal tekið um sjómannadagshelgina samkvæmt lögum.
2. Frá 1. sept til 31 mars þrisvar í mánuði (90 klst.). Um jólahelgina skal tekið þriggja sólarhringa frí og telst það eitt hafnarfrí. Um áramót skulu skipverjar eiga frí frá kl. 12:00 á gamlársdag til kl. 14:00 þann 2. janúar.
3. Hefji skip veiðar í siglingu, að afloknu jólaleyfi, er heimilt að fella niður áramótafrí, en í stað þess stoppi skip í 84 klst. í heimahöfn, að aflokinni siglingu. Tilkynna skal um siglingu með eins löngum fyrirvara og kostur er.

4. Hvert hafnarfrí sé aldrei skemmra en 30 klst. Helgarfrí skal tekið frá kl. 24:00 á föstudegi til kl. 18:00 á mánudegi, þannig að á þessu tímabili verði samanlagt frí eigi styttra en 48 klst.
Frátafir frá veiðum vegna veðurs falla inn í umrædd hafnarfrí sem svarar tveim hafnarfríum í einu. Hafnarfrí telst þó ekki hafa verið veitt, nema skipstjóri hafi tilkynnt um það fyrirfram.
5. Sigli togari á erlendan markað skulu skipverjar hafa hafnarfrí í 60 klst. í heimahöfn að lokinni söluferð, ef skipið kemur til heimahafnar, en 90 klst. ef skipið fer beint á veiðar eftir söluferð. Fari skipið í viðgerð erlendis að aflokinni söluferð, getur útgerðaraðili gefið skipverjum kost á heimferð á kostnað útgerðar. Falli þá niður hafnarfrí við heimkomu skips.
6. Þegar skipverji ætlar að taka frí, skal hann bera fram ósk sína við skipstjóra a.m.k. þrem dögum áður en skipið kemur til hafnar og þá taka fram hve lengi hann hyggst vera frá störfum.
7. Á skipum sem frysta aflann um borð, er heimilt að safna samningsbundnum hafnarfríum saman og skulu þau ávallt tekin að lokinni hverri veiðiferð. Jóla- og áramótafrí skulu þó ávallt tekin á réttum tíma.
8. Leyfilegt er að flytja eitt hafnarfrí á milli mánaða en noti útgerðarmaður sér þennan rétt, skal fríinu skilað í fyrstu inniveru næsta mánaðar á eftir, ásamt fyrsta hafnarfríi þess mánaðar.
9. Helgarfríið í apríl má vera hreyfanlegt milli mars og apríl og takist þá á páskum. Fari skipverji tvær samliggjandi veiðiferðir þegar landað er erlendis, skal útgerðarmaður greiða viðkomandi skipverja kr.6.853.- á dag í dagpeninga fyrir þá daga sem skipið stoppar í hafnarfríi.

VII. KAFLI.

7.00 Humarveiðar

7.01 Skiptakjör á humarveiðum.

Á skipum sem stunda humarveiðar fái skipverjar í sinn hlut eftirtalinn hundraðshluta af skiptaverði.

Á skipum að 31 rúml.,	34,0%	miðað við 6 menn
Á skipum 31 - 50 rúml.,	33,5%	miðað við 6 menn
Á skipum 51 - 110 rúml.,	32,5%	miðað við 7 menn
Á skipum 111 - 240 rúml.,	31,5%	miðað við 9 menn
Á skipum 241 - 300 rúml.,	30,5%	miðað við 9 menn

Ef færri menn eru í áhöfn en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 0,5 fyrir hvern mann sem á vantar.

Ef fleiri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan hækka um 0,5 fyrir hvern mann sem umfram er.

Sé veitt í botnvörpu og humarvörpu í sömu veiðiferð, skulu humarveiðikjör gilda um allan aflann úr veiðiferðinni.

7.02 Skilgreining skiptaverðmætis.

Um skiptaverð fer samkvæmt. lögum nr. 24/1986 með síðari breytingum. Sjá nánari skilgreiningu í grein 1.01.

7.03 Aukagreiðslur.

Á humarbátum allt að 200 rúml. skal vera minnst 1 netamaður, og ef stýrimaður er ekki vanur netamaður, skulu netamenn vera tveir.

Á humarbátum yfir 200 rúml. skulu netamenn vera tveir.

Netamaður skal fá 25% umfram hlut háseta. Ef ekki er tilskilinn fjöldi netamanna á skipi skal aukalaunum þeirra skipt milli skipverja eftir tillögu skipstjóra og trúnaðarmanns háseta.

Fyrir að taka um borð vír og splæsa, skal útgerðin greiða kr. 22.285,- sem skiptist jafnt milli þeirra, er verkið vinna.

7.04 Hvíldartími.

Skipverjar skulu hafa minnst 8 klst. hvíld á sólarhring.

7.05 Hafnarfrí.

Þegar landað er innanlands, skulu skipverjum á humarbátum tryggð hafnarfrí sem hér segir:

- a) Frá 1. maí til 30. sept. í 4 sólarhringa á mánuði, þar af eitt helgarfrí í 48 klst., hinar 48 klst. skulu teknar í tvennu lagi. Helgarfríið í júní skal tekið um sjómannadagshelgina samkvæmt lögum.
- b) Frá 1. okt. til 30. apr. í 4 sólarhringa á mánuði.

Öll hafnarfrí miðast við heimahöfn skipsins og sé hvert hafnarfrí aldrei skemmri tími en 24 klst. Helgarfrí skal tekið frá kl. 24:00 á föstudegi til kl. 18:00 á mánudegi, þannig að á þessu tímabili verði samanlagt frí eigi styttra en 48 klst.

Frátafir frá veiðum vegna veðurs falla inn í umrædd hafnarfrí allt að þremur sólarhringum í einu. Hafnarfrí telst þó ekki hafa verið veitt, nema skipstjóri hafi tilkynnt um það fyrirfram fyrir hverjar 24 klst.

Ef bátur hefur stöðvast frá veiðum allt að viku, koma umrædd hafnarfrí ekki til framkvæmda þann mánuð. Ef um skemmri tíma stöðvun er að ræða, sem helgi fellur inn í, skal helgarfríið falla niður.

VIII. KAFLI.

8.00 Skelfiskveiðar

8.01 Skiptakjör á hörpudiskveiðum.

Á skipum 12 - 20 rúml.,	36,7% miðað við 7 menn
Á skipum 21 - 30 rúml.,	36,7% miðað við 7 menn
Á skipum 31 - 50 rúml.,	36,7% miðað við 7 menn
Á skipum 51 - 110 rúml.,	36,7% miðað við 7 menn

Ef færri menn eru á skipi en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 2,6 fyrir hvern mann sem fækkað er um.

Ef um fleiri menn er að ræða á skipi en að ofan greinir, skal skiptaprósentan hækka um 2,6 fyrir hvern mann sem umfram er.

8.02 Hafnarfrí.

Vísað er til kafla 2.14 I og II lið, eftir því sem við á.

IX. KAFLI.

9.00 Handfæraveiðar

9.01 Skiptakjör á handfæraveiðum.

	Handr.	Rafmagnsr.
Hásetar	62%	56%
1. vélstjóri	76%	70%
2. vélstjóri	68%	63%
Matsveinn	76%	70%

Matsveinn skal hafa 5% hærri hlut þegar 7 menn eða fleiri eru á skipi. Á fiskveiðum með handfærum greiðist engin kauptrygging. Útgerð leggur til í upphafi færavindur, nælon, sökkur og króka. Útgerðin sér um viðhald á færavindum og sökkum, en að öðru leyti skal skipverji sjálfur sjá um viðhald á færabúnaði sínum.

Þegar skipverji hefur verið skráður á skipi í 21 dag skal hann eiga rétt á veikindagreiðslum í 10 daga, enda leggi hann fram læknisvottorð.

X. KAFLI.

Sérákvæði vegna vélstjóra.

1. Endurmenntun.

Vélstjórum/vélavörðum skal gefinn kostur á að sækja a.m.k. eitt námskeið annað hvert ár með það að markmiði að auka hæfni þeirra í starfi hjá útgerðinni. Um er að ræða námskeið sem endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum hefur fjallað um og samþykkt.

Þegar vélstjóri/vélavörður sækir námskeið skv. 1. mgr. skal það gert í samráði við útgerðarmann sem greiðir námskeiðsgjald og kauptryggingu fyrir þann tíma sem námskeiðið stendur. Upphald og ferðakostnað greiðir útgerðarmaður eftir nánara samkomulagi.

Endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum.

Endurmenntunarnefnd vélstjóra á fiskiskipum verði skipuð tveimur fulltrúum VSFÍ og tveimur fulltrúum LÍÚ. Starfsmenn samtakanna starfa með nefndinni og undirbúa tillögur nefndarinnar um fræðslumál og leggja fyrir hana kostnaðaráætlun fyrir einstök námskeið. Starfsmennirnir sjái um daglegan rekstur, framkvæmd námskeiða og annað það sem nefndin felur þeim.

Hlutverk nefndarinnar er að taka ákvörðun um hvaða námskeið skuli boðið upp á og hvar og hvenær þau eru haldin. Þá skal nefndin skilgreina námskeiðskostnað og ákveða námskeiðsgjald. Almennt skal gera ráð fyrir að sérhvert námskeið standi undir sér kostnaðarlega. Nefndin móti reglur um framkvæmd námskeiða og er henni heimilt að leggja álag á námskeiðsgjald sem renni í varasjóð.

Varasjóður endurmenntunarnefndar.

Stofna skal varasjóð sem verði í umsjá nefndarinnar. Stofnfé sjóðsins verði kr. 500.000, sem LÍÚ og VSFÍ leggi til að jöfnu. Í sjóðinn renni hagnaður af námskeiðum og hann greiði tap af samþykktum námskeiðum.

Nefndinni er heimilt að ráðstafa fé úr sjóðnum til námsgagnagerðar og tækjakaupa. Verði samstarfi slitið og sjóðurinn lagður niður skal ráðstafa eigum hans til tækjakaupa vegna vélstjórnarmenntunar, sé einhugur um það í nefndinni. Ella skiptast eigur hans jafnt á milli LÍÚ og VSFÍ.

Kostnaðaráætlun námskeiða.

Fyrir hvert námskeið verði gerð kostnaðaráætlun sem verði lögð fyrir endurmenntunarnefnd til samþykktar. Í kostnaðaráætlun komi fram sundurliðun á eftirgreindum þáttum:

1. Kostnaður við námsgagnagerð að frádregnum framlögum og styrkjum úr starfsmenntasjóði og frá öðrum aðilum.
2. Kennsla og ferðakostnaður.
3. Húsnæði, kaffi og tækjaleiga.
4. Kynning og auglýsingar.
5. Umsjónarkostnaður.
6. Tillag í varasjóð.

2. Úrskurðarnefnd.

1. Komið skal á fót sérstakri úrskurðarnefnd er hefur það hlutverk að skera úr um hvort koma skuli til sérstakra greiðslna til handa vélstjórum á fiskiskipum vegna breytts verksviðs þeirra og þátttöku í tæknivæðingu fiskiskipa.

2. Nefndin skal skipuð 3 mönnum og tilnefnir hvor aðili sinn mann, en sjávarútvegsráðherra oddamann sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar og getur ráðherra sett nefndinni tímamörk.
3. Nefndin skal gefa báðum aðilum kost á að skila greinargerðum um málið og kynna það fyrir nefndinni. Hún skal einnig kanna sjálfstætt þær forsendur sem aðilar leggja til grundvallar málflutningi sínum, svo og hvort og hvernig þær eigi við hinar einstöku tegundir fiskiskipa.
4. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að verksvið vélstjóra hafi breyst og álag í störfum aukist án þess að þeir hafi sérstaklega notið þess í launum, skal hún úrskurða hvort þeim beri sérstakar greiðslur og ef svo er hversu miklar þær skuli vera og frá hvaða tíma þær eigi að koma til greiðslu.
5. Úrskurður nefndarinnar er hluti af kjarasamningi aðila og tekur gildi frá úrskurðardegi.

3. Fyrirtækjapáttur kjarasamnings vélstjóra.

1. Markmið.

Markmið fyrirtækjapáttar kjarasamnings er að efla samstarf vélstjóra og stjórnenda útgerðar með það fyrir augum að skapa forsendur fyrir bættum kjörum vélstjóra með aukinni framleiðni.

Markmiðið er að þróa kjarasamninginn þannig að hann nýtist báðum aðilum til aukins ávinnings. Við það skal ávallt miðað að skilgreindur ávinningur skiptist milli vélstjóra og útgerðar eftir skýrum forsendum.

2. Viðræðuheimild.

Að jafnaði taki fyrirtækjapáttur til allra starfsmanna útgerðarinnar sem kjarasamningurinn tekur til. Heimilt er þó að gera sérstaka samninga á einstökum skipum, sé um það samkomulag.

Viðræður um fyrirtækjapátt fara fram undir friðarskyldu almennra kjarasamninga og skulu teknar upp með samkomulagi beggja aðila. Þá komi skriflega fram til hverra samningnum sé ætlað að ná.

Þegar viðræður hafa verið ákveðnar ber að tilkynna það hlutaðeigandi verkalýðsfélögum og samtökum vinnuveitenda, SA og LÍÚ. Rétt er báðum aðilum, starfsmönnum og forsvarsmönnum útgerðar, að leita ráðgjafar hjá samningsaðilum og óska eftir ráðgjöf við gerð fyrirtækjapáttar, en í þeim tilgangi skal stofnuð sérstök ráðgjafanefnd, skipuð fjórum mönnum, tveimur tilnefndum af LÍÚ og tveimur tilnefndum af ASV sem einnig hefur það markmið að flýta gerð fyrirtækjapáttar einstakra útgerða. Báðir aðilar, starfsmenn og forsvarsmenn útgerðar, geta í sameiningu ákveðið að kalla hvor sinn fulltrúa til ráðuneytis við samningsgerð. Náist ekki samkomulag innan þriggja mánaða getur hvor um sig án samráðs kallað ráðgjafa til þátttöku í viðræðunum.

3. Fulltrúar vélstjóra - forsvar í viðræðum.

Vélstjórar á hverju skipi geta valið fulltrúa úr sínum hópi eða tekið allir þátt í viðræðum við forsvarsmenn útgerðar skipsins.

Fulltrúum í samninganefnd skal tryggður eðlilegur tími til að sinna undirbúningi og samningsgerð í vinnutíma. Ennfremur skulu þeir njóta sérstakrar verndar í starfi og óheimilt að láta þá gjalda starfa sinna í samninganefnd.

4. Upplýsingamiðlun.

Áður en gengið er til gerðar fyrirtækjasamnings skulu stjórnendur upplýsa fulltrúa vélstjóra í samninganefnd um afkomu, framtíðarhorfur og starfsmannastefnu útgerðarinnar.

Á gildistíma fyrirtækjasamnings skulu fulltrúar vélstjóra upplýstir um framangreind atriði og áherslur í rekstri tvisvar á ári. Þeir skulu gæta þagmælsku um þessar upplýsingar að því marki sem þær eru ekki til opinberrar umfjöllunar.

5. Heimil frávik.

Heimilt er innan ramma fyrirtækjasamnings að aðlaga ákvæði samningsins þörfum vinnustaðarins með frávikum frá ákvæðum kjarasamnings, enda náist samkomulag um endurgjald vélstjóra.

6. Endurgjald vélstjóra.

Takist samkomulag um aðlögun ákvæða kjarasamnings að þörfum útgerðar eða önnur frávik frá vinnuskipulagi sem samkomulag hefur verið gert um, skal jafnframt samið um hlutdeild vélstjóra í þeim ávinningi sem útgerðin hefur af breytingum.

Hlutur vélstjóra getur komið fram í verktengdri greiðslu, greiðslu fastrar upphæðar á mánuði eða ársfjórðungi, hæfnisálagi, prósentuálagi á laun eða fastri krónu tölu á tímakaup eða með öðrum hætti, allt eftir því hvernig um semst. Í samningnum skal þó koma skýrt fram í hverju ávinningur útgerðar felst, svo og endurgjald til vélstjóra. Hvort tveggja er frávik frá kjarasamningi og getur fallið niður viðuppsögn skv. 7. gr. þessa kafla.

7. Gildistaka, gildissvið og gildistími.

Samkomulag um fyrirtækjapátt skal vera skriflegt og skal það borið undir alla þá sem því er ætlað að taka til í leynilegri atkvæðagreiðslu sem hlutaðeigandi samninganefnd vélstjóra stendur fyrir. Samkomulag telst samþykkt ef það fær stuðning meirihluta greiddra atkvæða hlutaðeigandi vélstjóra. Heimilt er samninganefnd vélstjóra að óska eftir því að Alþýðusamband Vestfjarða gangi úr skugga um að umsamin frávík og endurgjald fyrir þau, heildstætt metið, standist ákvæði laga og kjarasamninga um lágmarkskjör. Hafi ekki komið tilkynning um annað innan fjögurra vikna telst samningurinn samþykktur af beggja hálfu.

Heimilt er að láta fyrirtækjasamning gilda tímabundið til reynslu í allt að 3 mánuði og ganga þá endanlega frá honum í ljósi reynslunnar. Annars skal gildistími ótímabundinn. Að ári liðnu getur hvor aðili farið fram á endurskoðun. Náist ekki samkomulag um breytingar innan tveggja mánaða getur hvor aðili sagt fyrirtækjasamningi lausum með sex mánaða fyrirvara m.v. mánaðamót. Að þeim tíma liðnum fellur hvort tveggja niður, umsamdar breytingar og hlutdeild starfsmanna í ávinningi.

Til að uppsögn sé bindandi þarf hún að hljóta stuðning meirihluta hlutaðeigandi vélstjóra í samskonar atkvæðagreiðslu og viðhöfð var við gildistöku samningsins.

Segi útgerð upp fyrirtækjapætti samnings skulu launahækkanir honum tengdar þó aðeins ganga til baka í þeim mæli sem nemur þeim kostnaðarauka, sem leiðir af upptöku fyrri samningsákvæða.

7.1. Áhrif fyrirtækjasamnings á ráðningarkjör.

Breytingar á ráðningarkjörum sem leiða kunna af fyrirtækjasamningi eru bindandi fyrir alla hlutaðeigandi vélstjóra hafi þeir ekki mótmælt formlega gerð samningsins við stjórnendur útgerðar og samninganefnd vélstjóra áður en til atkvæðagreiðslu kom.

Ákvæði fyrirtækjasamnings gilda jafnt um þá vélstjóra sem eru við störf þegar samningur er samþykktur skv. ákvæðum þessa kafla og þá sem síðar ráðast til starfa, enda hafi þeim verið kynnt efni hans við ráðningu.

8. Meðferð ágreinings.

Komi upp ágreiningur innan fyrirtækis um skilning eða framkvæmd fyrirtækjasamnings og ekki tekst að leysa hann með viðræðum á milli aðila á vinnustað er vélstjórum heimilt að leita aðstoðar hlutaðeigandi stéttarfélags eða fela því málið til úrlausnar.

Náist ekki samkomulag um mat á áhrifum uppsagnar skv. lokamálslið 7. gr. getur hvor aðili skotið honum til úrskurðar óháðs aðila.

65% kostnaðar greiðist af fyrirtæki og 35% af starfsmönnum.

BÓKANIR OG VIÐAUKAR

1. Bókun um fiskverð

Aðilar eru sammála um að fylgjast vel með þróun fiskverðs þeirra fisktegunda þar sem ekki hafa verið sett markmið eins og gert hefur verið við þorsk, ýsu og karfa. Sérstaklega skal hugað að því að verð víki ekki verulega frá því sem almennt gerist.

Stefnt skal að því að breyta viðmiði fyrir þorsk, ýsu og karfa í grein 1.28.4, 4 málsgreinar í kjarasamningi aðila frá því að miða við þau hlutföll sem voru árið 2000 til þeirra hlutfalla sem verða árið 2008. Aðilar eru sammála um að kanna sérstaklega hvort taka eigi upp viðmið fyrir ufsa á samningstímanum. [2009]

2. Bókun um olíuverð

Verði veruleg verðhækkun á olíu á samningstímanum sem leiðir til þess að veiðar verði ekki stundaðar með arðbærum hætti, eru aðilar sammála um að taka upp viðræður um tímabundin breytt skiptahlutföll. [2009]

3. Bókun um slysavarnir.

Aðilar eru sammála að leggja áherslu á að bæta slysavarnir til sjós. Stefnt skal að því að fyrir árslok 2009 skuli lokið við að koma á samræmdri skráningu á slysum og óhappatilvikum um borð í skipum með það að markmiði að fyrirbyggja slys. Tryggingarskilmálar slysatrygginga sjómanna skulu á hverjum tíma miðast við raunverulegan meðalstarfsaldur til sjós. Aðilar skulu á a.m.k. 5 ára fresti aðlaga skilmálanna þeim breytingum sem kunna að verða á meðalstarfsaldri sjómanna. [2009]

4. Bókun um samræmingu kjarasamninga SSÍ og ASV

Aðilar eru sammála um að vinna að því á samningstímanum að samræma kjarasamninga Sjómannasambands Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða með það að markmiði að um einn kjarasamning verði að ræða hjá sjómönnum.
[2009]

Yfirlýsing.

Álit samninganefnda Útvegsmannafélags Vestfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða, varðandi starfsaldursréttindi.

Verði eigendaskipti á útgerð, er samningur þessi nær til, skal áunninn réttur til starfsaldurshækkunar haldast óbreyttur.

Flateyri 21. apríl 1985.

F.h. Útvegsmannafélags Vestfjarða
Vestfjarða

Einar Oddur Kristjánsson

F.h. Alþýðusambands

Pétur Sigurðsson

Bókun um hafnarfrí A á frystiskipum.

1. Skilyrðum skv. 5. tl. um skriflegan ráðningarsamning, sjá 5.31 og 6.14 verður að vera fullnægt og lykilatriði er frítökuréttur, að lágmarki þriðju hverja veiðiferð.

2. Hafnarfrísréttur miðast ætíð út frá lið 6. Ekki má flytja frí yfir á þriðja mánuð, ætíð gerð upp á hverju tveggja mánaða tímabili, það er að segja fasta mánaðarlega fríð 96 klst. (2 x 48)

Dæmi: Viðmiðun 30 daga mánuðir og skilgreining á veiðiferð eru tímamörkin frá brottför, þar til samningsbundnum hafnarfríum hefur verið skilað sé landað úr skipinu.

a) Skip fer út 1. dag mánaðar. Frá brottför til heimkomu líða 28 dagar. Nú hefur útgerð eftirfarandi val.

Skilar $96 \times 28/30 = 90$ klst. og talning á nýju tímabili byrjar eða skila 48 klst. hafnarfrí og flytja helming yfir á næsta mánuð. Næsta veiðiferð getur þá ekki staðið nema 28 sólarhringa, því hann verður að standa við hafnarfrí innan tveggja mánaða tímabils, þ.e. að segja 96 klst. Seinni 96 klst. mega takast inn í frítöku áhafnar, þó þær flytist yfir á þriðja mánuð.

b) Skip fer út 1. dag mánaðar. Tímalengd útivistar þ.e. frá brottför til heimkomu stendur í t.d. 20 daga. Nú hefur útgerð eftirfarandi val.

Stoppa í 48 klst. og flytja síðari 48 klst. yfir á næsta mánuð og má þá síðari veiðiferðin frá brottför til heimkomu vera 34 daga, eða stoppa í $96 \times 20/30 = 64$ klst. þá er samningsbundnu hafnarfrí lokið skv. tl. 3. og talning á nýju tveggja mánaða tímabili getur hafist.

c) Skip fer út 1. dag mánaðar. Tímalengd útivistar 35 dagar. Samningsaðilar eru sammála þeirri túlkun að sveiganleiki sé innan tveggja mánaða tímabils, litið verði framhjá því þó ekkert frí komi á fyrri mánuðinn. Til að standa við ákvæði um hafnarfrí, með vísan til 4. töluliðs: Stoppa í 48 klst. + $96 \times 5/30 = 16$ klst. alls 64 klst. Síðari veiðiferðin takmarkast því af 20 dögum og 8 klst. Eða stoppa í 112 klst. þ.e. skila samningsbundnu hafnarfrí og hefja nýja talningu.

VIÐAUKI I – UM UPPSAGNIR

Dæmi um útreikninga á launum á uppsagnarfresti þegar vinnuframlags er krafist á hluta hans en skip er áfram í rekstri:

Undirmaður með 3ja mánaða uppsagnarfrest

Vinnuframlag á uppsagnarfresti:

Einn mánuður: Fær greidda tvo mánuði, einn á staðgengilslaunum og einn á kauptryggingu.

Tveir mánuðir: Fær greiddan einn mánuð á staðgengilslaunum.

Yfirmaður með 6 mánaða uppsagnarfrest

Vinnuframlag á uppsagnarfresti:

Tveir mánuðir: Fær greidda fjóra mánuði, þrjá á staðgengilslaunum og einn á mánaðarlaunum.

Fjórir mánuðir: Fær greidda tvo mánuði á staðgengilslaunum.

VIÐAUKI II - VIÐMIÐUNARHLUT

Dæmi um útreikninga á viðmiðunarhlut:

Eitt skip í flokki: viðmiðunarhlutur = hlutur á viðkomandi skipi

Tvö skip í flokki: viðmiðunarhlutur = meðaltal hluta í viðkomandi skipaflokki

3 skip í flokki:

Viðmiðunarhlutur reiknast á eftir farandi hátt.

Safnið, 3 skip, er margfaldað með 0,75: $3 \times 0,75 = 2,25$

Tvö efstu skipin teljast að fullu í úrtaki og það þriðja efsta ($1 - 0,75 = 0,25$) að 75/100 hlutum.

Nr	a	b	a x b
1	1	16.112	16.111,50
2	1	14.010	14.010,00
3	0,25	12.979	3.244,75
Σ 1:3	2,25		33.366,25
Viðmiðunarhlutur =			14.829

4 skip í flokki.

Viðmiðunarhlutur reiknast á eftir farandi hátt.

Safnið, 4 skip, er margfaldað með 0,75: $4 \times 0,75 = 3$

Þrjú efstu skipin teljast að fullu í úrtaki.

Nr	A	b	a x b
1	1	16.112	16.111,50
2	1	14.010	14.010,00
3	1	12.979	12.978,90
Σ 1:3	3		43.100,40
Viðmiðunarhlutur =			14.367

5 skip í flokki.

Viðmiðunarhlutur reiknast á eftir farandi hátt.

Safnið, 5 skip, er margfaldað með 0,75: $5 \times 0,75 = 3,75$

Þrjú efstu skipin teljast að fullu í úrtaki og það fjórða efsta ($1 - 0,25 = 0,75$) að 25/100 hlutum.

Nr	a	b	a x b
1	1	16.112	16.112,00
2	1	14.010	14.010,00
3	1	12.979	12.979,00
4	0,75	11.293	8.469,75
Σ 1:4	3,75		51.570,75
Viðmiðunarhlutur =			13.752,2

8 skip í flokki.

Viðmiðunarhlutur reiknast á eftir farandi hátt.

Safnið, 8 skip, er margfaldað með 0,75: $8 \times 0,75 = 6$

Sex efstu skipin teljast að fullu í úrtaki.

Nr	a	b	a x b
1	1	16.112	16.111,50
2	1	14.010	14.010,00
3	1	12.979	12.978,90
4	1	11.293	11.293,00
5	1	11.286	11.286,00
6	1	9.820	9.820,00
Σ 1:6	6		75.499,40
Viðmiðunarhlutur =			12.583

10 skip í flokki:

Viðmiðunarhlutur reiknast á eftir farandi hátt.

Safnið, 10 skip, er margfaldað með 0,75: $10 \times 0,75 = 7,5$

Sjö efstu skipin teljast að fullu í úrtaki og það áttunda efsta ($1 - 0,5 = 0,5$) að 50/100 hlutum.

Nr	a	b	a x b
1	1	16.112	16.111,50
2	1	14.010	14.010,00
3	1	12.979	12.978,90
4	1	11.293	11.293,00
5	1	11.286	11.286,00
6	1	9.820	9.820,00
7	1	8.571	8.570,95
8	0,5	7.453	3.726,50
Σ 1:8	7,5		87.796,85
Viðmiðunarhlutur =			11.706

LÖG UM SJÓMANNADAG NR. 20/1987

1. gr.

Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur sjómanna með þeim undantekningum sem um getur í lögum þessum. Beri hvítasunnudag upp á fyrsta sunnudag í júní skal sjómannadagur haldinn næsta sunnudag á eftir.

Sjómannadagurinn skal vera almennur fánadagur.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til sjómanna á íslenskum farskipum sem sigla milli Íslands og annarra landa. Þó skal farskip, sem liggur í íslenskri höfn og eigi hefur látið úr höfn fyrir kl. 12 á hádegi á laugardegi næstum á undan sjómannadegi, eigi heimilt að láta úr höfn fyrir en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

Ferjur milli lands og eyja eru undanþegnar ákvæðum 1. gr. Strandferðarskip og sanddæluskip skulu halda höfn þar sem þau eru stödd á sjómannadag.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til skipa Landhelgisgæslu Íslands. Stjórn Landhelgisgæslunnar ber þó að sjá til þess að skipin séu í höfn ef þau eru ekki í aðkallandi verkefnum að gegna að hennar mati.

4. gr.

Hafrannsóknarstofnun skal skipuleggja rannsóknarleiðangra þannig að skip geti leitað hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láti ekki úr höfn fyrir en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

5. gr.

Öll fiskiskip skulu liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrir en kl. 12 á hádegi næsta mánudag.

Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu við skipið eftir kl. 12 á laugardegi fyrir sjómannadag nema öryggi þess sé í hættu.

Ákvæði 1. mgr. eru frávikjanleg er um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst. Einnig má víkja frá ákvæðum 1. mgr. er mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar milli útgerðar og skipshafnar.

ÚR SJÓMANNALÖGUM NR. 35/1985 UM VEIKINDARÉTT.

27. gr.

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips tekur hann kaup frá og með þeim degi sem sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður.

36. gr.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausum frú, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 3. mgr. segir, halda föstu kaupum, kauptryggingu eða sérlega umsömdum veikindakaupum í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, eða á leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóms sem orsakast af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjú mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 3. mgr. og 4 mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupum þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt vísitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningu eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 3., 4. og 5. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikinda eða slyssins.

KAUPGJALDSSKRÁ 1. MARS 2014

Kaupgjaldsskrá sjómanna			
Skv. samningi ASV og LÍÚ			
Gildir frá 1. mars 2014			
Hækkun kaupliða 2,8%.			
KAUPTRYGGING OG TÍMAKAUP:		Tímakaup:	
	Kauptr.	Dagv.	Yfirv.
Háseti	244.687 kr.	1.412 kr.	2.542 kr.
Matsv., netam., bátsm., landform.	305.859 kr.	1.765 kr.	3.177 kr.
1. vélstj., 2. vélstj., vélavörður	305.859 kr.	1.765 kr.	3.177 kr.
Yfirvélstjóri	367.030 kr.	2.118 kr.	3.812 kr.
STARFSALDURSHÆKKANIR:			
	Eftir 2 ár	Eftir 4 ár.	Eftir 5 ár.
	á sjó	Síðasta ár	Síðasta ár
	óháð	hjá sömu	hjá sömu
	útgerð	útgerð	útgerð
	2%	4%	7%
Greiðsla á mánuði óháð því hvort fiskast fyrir tryggingu.			
Háseti	4.894 kr.	9.787 kr.	17.128 kr.
Matsv., netam., bátsm., landform.	6.117 kr.	12.234 kr.	21.410 kr.
1. vélstj., 2. vélstj., vélavörður	6.117 kr.	12.234 kr.	21.410 kr.
Yfirvélstjóri	7.341 kr.	14.681 kr.	25.692 kr.
HLÍÐARFATAPENINGAR: Greiðast án tillits til hlutaskipta.			
Sjómenn sem ganga vaktir á dekki sé afli frystur um borð			7.598 kr.
Allar aðrar verkunaraðferðir			5.843 kr.
SLIPPFARARKAUP VÉLSTJÓRA:			
			Á dag
Yfirvélstjóri			8.318 kr.
1. vélstj., 2. vélstj., vélavörður			6.931 kr.
FÆÐISPENINGAR skv. gr. 1.12 í kjaras. 1.6.2014			
			Á dag
a) Skuttogarar, loðnuskip og sambærileg skip			1.593 kr.
b) Önnur skip stærri en 100 brl. og ekki tiltekin í lið a.			1.265 kr.
c). Skip 12 - 100 brl.			959 kr.
FÉVÍTI ÚTGERÐAR FYRIR BROT Á SAMNINGI:			537.833 kr.
Kostnaðarhlutdeild sjómanna vegna aukinnar slysatryggingar:			
Frádráttur á mánuði:			4.120 kr.

FASTAKAUP:	
Háseti á sjó á línubát, landróðrar (eða 12,5% aukahlutur)	22.740 kr.
Kaup vélstjóra skv. gr. 1.08 fyrsta málgrein	8.325 kr.
Kaup yfirvélstjóra sem vinnur á dekki á línubát	3.421 kr.
Kaup yfirvélstjóra á skuttogara sem brennir gasolíu	22.725 kr.
Kaup 1. vélstjóra á skuttogara sem brennir gasolíu	16.530 kr.
Kaup yfirvélstjóra á skuttogara sem brennir svartolíu	34.306 kr.
Kaup 1. vélstjóra á skuttogara sem brennir svartolíu	24.953 kr.
Kaup 2. vélstjóra á skuttogara sem brennir svartolíu	13.606 kr.
Kaup vélstjóra á skuttogara þegar aðeins tveir eru skráðir	16.530 kr.
Mánaðarkaup aðstoðarmanns í eldhúsi á frystitogurum	277.340 kr.
ÁKVÆÐISVINNUTAXTAR:	
Einstök sjóferð:	
Háseti	12.259 kr.
Matsveinn	15.323 kr.
Vélavörður og 1. vélstjóri	15.323 kr.
Yfirvélstjóri	18.387 kr.
Annað:	
Fyrir að taka um borð togvira og splæsa	22.285 kr.
Fyrir að taka á móti bát	1.789 kr.
Fyrir löndun pr. tonn	1.669 kr.
AÐRAR KAUPGREIÐSLUR:	
Fatapeningar háseta ef ekki aflast fyrir kauptryggingu	11.148 kr.
Aukakaup sjómanna sé róið með aukabala (41 - 48 bala)	14.510 kr.
Greiðsla á mánuði fyrir hvern bala umfram 48	1.813 kr.
GREIÐSLA Í SJÚKRA- OG ORLOFSSJÓÐ:	
Fyrir hvern mann sem er aðili að samningi.	
Í sjúkrasjóð pr. mánuð	af öllum 1% launum
Í orlofssjóð pr. mánuð	af öllum 0,25% launum
GREIÐSLA Í ENDURHÆFINGARSJÓÐ:	
	0,13% af öllum launum
Mótframlag vinnuveitenda í séreignarsjóð:	
	2% af öllum launum gegn 2% framlagi starfsmanns.
Orlofsfé er 10,17%. Eftir 10 ára starf á sama skipi eða hjá sama vinnuveitanda hækkar orlofsfé í 11,59%. Eftir 15 ára starf á sama skipi eða hjá sama vinnuveitanda hækkar orlofsfé í 13,04%. Að öðru leyti fer um orlof samkvæmt lögum. Útgerðarmaður og skipstjóri skulu sýna fyllstu lipurð varðandi sumarleyfi skipverja.	



Einstaklingsstyrkir til náms/námskeiðs

Félagsmaður, sem unnið hefur fullt starf í a.m.k. sex mánuði sl.12 mánuði skv. kjarasamningi SA/LÍÚ við SSÍ, hjá útgerðum innan LÍÚ, og greitt til aðildarfélags Sjómenntar á þeim tíma á rétt á stuðningi til náms.

Áunnin réttindi félagsmanna innan Landsmenntar, Sjómenntar, Starfsafls, Starfsmenntasjóðs verslunar-og skrifstofufólks, Ríkismenntar SGS og Sveitamenntar SGS og LN haldast óbreytt þrátt fyrir flutning á milli aðildarfélaganna.

Foreldrar í fæðingar- eða foreldraorlofi geta nýtt sér áunnin rétt skv. 1. gr. ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld á meðan á orlofi stendur.

Félagsmenn í atvinnuleit halda áunnum rétti sínum eins og hann var við starfslok ef þeir velja að greiða stéttarfélagsgjöld af atvinnuleysisbótum.

Sá sem hverfur frá vinnu vegna veikinda, heimilisástæðna eða af öðrum gildum ástæðum, heldur rétti sínum til styrks, enda hverfi starfsmaður aftur til sinna starfa.



Upphæð styrks:

Greitt er að hámarki 60.000.- kr. í styrk á ári fyrir hvern félagsmann í almenna styrki, 100.000 krónur í meiraprófsstyrk. Hver einstaklingur getur einungis fengið slíkan styrk einu sinni. Ekki skiptir máli hvort allir fjórir þættir aukinna ökuréttinda séu teknir. Aldrei er þó greitt meira en sem nemur 75% af námskeiðskostnaði.

Frístunda/tómstundanámskeið

Sjómennt veitir styrki vegna tómstundanámskeiða ýmis konar og er endurgreiðsla vegna þeirra 50% af kostnaði en aldrei hærri en kr. 20.000.- á ári og dregst jafnframt af heildarupphæð einstaklingsstyrks þess árs.

Styrkir til kaupa á hjálpartækjum fyrir lestrar-og ritstuðning

Félagsmenn sem eru lesblindir eða eiga við lestrar-og ritörðugleika að stríða geta sótt um allt að 75% styrk vegna kaupa á hjálpartækjum ætluðum til stuðnings við lestur og skrift. Heildarstyrkur miðast við hámarksupphæð skv. almennum reglum sjóðsins eða kr. 60.000.-



Heiðursvörður björgunarsveitar Tinda í Hnífsdalskirkjugarði á Sjómannadegi

